



Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marels á Íslandi, var heiðruð á árlegri Viðurkenningahátíð Félags kvenna í atvinnulífinu í Gamla bíói í gær. Var hún heiðruð fyrir að vera öðrum konum hvatning og fyrirmynd. Hún segir frábært að fá viðurkenningu fyrir það sem hún hafi mikla ástríðu fyrir og að það hafi komið skemmtilega á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á þriðja tug látnir vegna veiru í Kína

HEILBRIGÐISMÁL Á þriðja tug eru látnir af völdum kórónaveirunnar sem geisar nú í borginni Wuhan í Kína. Hátt í sjö hundruð manns hafa smitast. Ferðir til og frá Wuhan og nágrannaborginni Huanggang, eru nú bannaðar, samanlagt búa þar um 18 milljónir manna.

Enginn grunur er um að veiran hafi borist til Íslands. Sóttvarnalæknir hefur gefið út ráðleggingar vegna ferðalaga Íslendinga til útlanda, sérstaklega til Kína.

Bent er á að gæta vel að almennu hreinlæti, sérstaklega handþvotti. Fordast skuli náð samneyti við einstaklinga sem eru með almennt kvefeinkenni. Eru þeir sem leita til heilbrigðiskerfisins beðnir um að láta heilbrigðisstarfsfólk vita hafi þeir ferðast til Kína.

Ekki er þó ástæða fyrir ferðatak-mörkunum til og frá Kína. – **ab**

Stjórnin íhugi aðkomu sína

Oddviti Sjálfstæðismanna í borginni segir að stjórn Sorpu þurfi að íhuga aðkomu sína og breyta þurfi byggðasamlagakerfinu. Stjórnarmenn höfðu mismunandi vitneskju um hina umdeildu framkvæmd.

STJÓRNSÝSLA Samkvæmt skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um Sorpu er það talinn veikur hlekkur í framkvæmd gas- og jarðgerðarstöðvar að sérskipaður rýnihópur stjórnar hafi verið lítt virkur.

Hópurinn, sem var stofnaður í febrúar árið 2017, hafði vel skilgreind verkefni og hlutverk hvað varðar faglegt og fjárhagslegt eftirlit. Átti hópurinn meðal annars að koma með ábendingar um hvernig bregðast ætti við ófyrirséðum atvikum og ef kostnaður stefndi í óefni. Fundir áttu að vera mánaðarlegir en urðu aðeins tveir og engar ábendingar skráðar frá hópnum.

Í skýrslunni segir að fram hafi komið hjá Birki Jóni Jónssyni

» Rýnihópur stjórnar var stofnaður í febrúar 2017 en fundaði aðeins tvisvar.

stjórnarformanni að hann hefði ekki fengið vitneskju um tilvist rýnihópsins eða hlutverk hans. Þegar hópurinn var stofnaður voru tveir núverandi stjórnarmenn í stjórn, Bjarni Torfi Álfþórsson frá Seltjarnarnesi og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir frá Mosfellsbæ sem jafnframt var skipuð í rýnihópinn.

Bjarni segir að láðst hafi að láta nýja stjórnarmenn vita, en við stjórnarskipti árið 2018 hafi ekki

verið tilnefnt í hópinn. Hann hafi samt áfram verið til. Bjarni segir að ekki sé um samskiptavanda innan stjórnarinnar að ræða. „Samskiptin eru mjög fin, í stjórninni er fólk á svipuðum aldri sem nær þrýðilega saman,“ segir hann.

„Stjórnin þarf að íhuga sína aðkomu. Það er ljóst að eftirlitsskyldu bæði stjórnar og stýrihóps var mjög ábótavant. Það er ekki eitt sem klikkar heldur margt,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Telur hann eina ástæðu þess að eftirlitshlutverk Reykjavíkurborgar sé veikt vera byggðasamlagakerfið sjálft, sem sé notað í Sorpu, Strætó og fleiri fyrirtækjum í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Þó að Reykjavík eigi meira en 66 prósent í Sorpu bs. hafi borgin aðeins einn fulltrúa af sex í stjórn.

„Ég held að þetta sé mjög gallað kerfi. Sérstaklega hvernig öllu er haldið í mjög lokuðum boxum, hvort sem það er sorp, félagslegt húsnæði eða almenningssamgöngur. Þetta er allt saman stór þáttur í rekstri Reykjavíkurborgar og það er ekki hægt að útvista ábyrgðinni í lokað box,“ segir Eyþór.

Segir hann að stokka þurfi upp kerfið, því að minni sveitarfélögin treysti á borgina, fjölga fulltrúum Reykjavíkur, færa formennskuna og efla upplýsingagjöfina.

Líf Magneudóttir vildi ekki tjá sig um málið. Hvorki náðist í Kolbrúnu né Birki Jón. – **kkg**



Nýr e-up!



Ódýrasti rafbíllinn
260 km drægni




Verð frá
2.990.000 kr

HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000



Veður



Suðvestan 15-25 m/s, hvassast um landið norðvestanvert. Eljagangur, en léttskyjað austan til á landinu. Vestan 13-20 í kvöld. **SJÁ SÍÐU 20**



Viðamiklar aðgerðir lögreglu leiddu til gæsluvarðhalds sex manna.

Vanir menn í haldi lögreglu

LÖGREGLUMÁL Meðal þeirra sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna gruns um skipulagða brotastarfsemi eru menn sem hlotið hafa þunga dóma fyrir framleiðslu og innflutning á fíkniefnum. Í tilkynningu lögreglu síðastliðinn sunnudag kom fram að sex hefðu verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar á skipulagðri brotastarfsemi, framleiðslu fíkniefna og peningabætti. Fram kom í tilkynningunni að lögregla hefði ráðist í fjölda húsleita og lagt hald á fíkniefni, vopn og fjármuni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sumarbústaður við Hafravatn meðal staða sem húsleitir tóku til. Mun grunur leika á um að þar hafi framleiðsla fíkniefna farið fram.

Meðal grunaðra er einstaklingur sem lauk nýverið afplánun í fangelsi fyrir manndráp. Þá mun meintur höfuðpaur í málinu hafa fengið dóm fyrir umfangsmikil skattsvik og aðrir tveir fengu dóma hvor í sínu skútumálinu, annars vegar í Pólstjórnumálinu og hins vegar í i Pap-eyjarmálinu sem dómur féll í fyrir áratug. Einn hinna grunuðu fékk nýverið þungan dóm fyrir fíkniefnaframleiðslu og var hann handtekinn á Litla-Hrauni um helgina.

Úrskurður um gæsluvarðhald fimm manna til 31. janúar var staðfestur í Landsrétti á miðviku- dag. Gæsluvarðhald sjötta mannsins er til 27. janúar. – að

Þorramatnum komið fyrir



Í dag er bóndadagur. Hefur sú hefð myndast að makar gefi bónda sínum blóm í dag. Dagurinn er einnig fyrsti dagur þorra. Hefst þá formlega tíð þorrablóta þar sem þjóðlegur matur er í boði, hefur sú hefð rækilega fest sig í sessi meðal landsmanna síðustu sextíu árin eða svo. Starfsmenn Nóa- túns voru í óðaönn að koma þorramat fyrir í kjötbörðinu í gær á meðan nokkrir spenntir viðskiptavinir biðu með óþreyju. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Fimmtán ný stjórnarmál

STJÓRNMÁL Þingsályktunartillaga forsætisráðherra um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á öllum skólastigum er meðal nýrra mála á upp- færðri þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar.

Þar er einnig að finna frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við innleiðingu fimmtu peningabættistilskipunar ESB.

Þá leggur félags- og barnamálaráðherra fram frumvarp til að styrkja lagagrundvöll Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og um flutning verkefna þangað frá Barnaverndarstofu.

Alls eru 15 ný mál á þingmálaskránni en 26 mál detta út og framlagningu 50 mála er seinkað miðað við upphaflega áætlun. Af þeim 227 málum sem er að finna í endurskoðaðri þingmálaskrá hafa 84 verið lögð fram. – sar

Íbúar í Hlíðahverfi mótmæla smáhýsum

Íbúar í Hlíðahverfi eru margir afar ósáttir við fyrirætlanir borgarinnar um að reisa smáhýsi fyrir heimilislausu á tveimur lóðum við Eskihið og Veðurstofu- hæð. Í bréfi frá hópi íbúa er bent á að tvö þung úrræði séu þegar skammt frá.

SAMFÉLAG Þörfin á að byggja upp úrræði fyrir heimilislausu í höfuðborginni er brýn en alls eru um 80 einstaklingar á biðlista. Reykjavíkurborg tilkynnti um mitt síðasta ár að hún hygðist reisa 25 smáhýsi á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Erfiðlega hefur þó gengið að finna heppilega staði fyrir umrædd hýsi.

Fyrst var ákveðið að reisa fimm slik hýsi á reit við Héðinsgötu og féll sú ákvörðun í grýttan jarðveg. Síðan þá hefur verkefnið dregist talsvert allt þar til að velferðarsvið Reykjavíkurborgar valdi loks þrjár lóðir og auglýsti væntanlegar breytingar á deiliskipulagi.

Umræddar lóðir eru við Eskihið og Guðrúnartún, þar sem þrjú hýsi eiga að rísa á hvorri lóð. Þá eiga fimm hýsi að rísa við lóð á Veðurstofuhæð.

Ekki eru allir á eitt sáttir við þessar fyrirhuguðu framkvæmdir. Hópur íbúa tók sig saman og skrifaði bréf um málið þar sem hvatt er til þess að áætlunum borgarinnar verði mótmælt. Í bréfinu er bent á úrræðin sem fyrir eru í hverfinu, Konukot í Eskihið og heimili fyrir tvígreinda karlmenn við Miklubraut. Segir í bréfinu að íbúar verði varir við þessa starfsemi. Viða séu sprautur og sprautunálar í nærumhverfinu, til dæmis í anddyrum blokka og húsgörðum. Lögregla og sjúkralið séu tíðir gestir og vísað er í nokkrar skelfilegar upptakomur. Meðal annars morð á heimilinu á Miklubraut fyrir nokkrum árum og hnífstungu sem gestur Konukots bar ábyrgð á.

Þá eigi fjölmörg börn leið um hverfið dag hvern til þess að sækja æfingar hjá Knattspyrnufélaginu Val



Smáhýsin eru sambærileg þessum sem eru í Seattle-borg í Bandaríkjunum.

Við gerum allt sem við getum til að finna góðar staðsetningar í sátt við íbúa og umhverfi.

Heiða Björg Hilmsdóttir, formaður velferðarráðs



og þriðja þunga úrræðið í hverfið sé því afar óheppilegt.

Heiða Björg Hilmsdóttir, formaður velferðarráðs, segist hafa fullan skilning á afstöðu íbúa og að athugasemdirnar verði teknar til athugunar áður en tillagan verði afgreidd. „Það er réttur íbúa að gera athugasemdir við deiliskipulagsbreytingar. En það er líka mikilvægt að finna góðar lóðir fyrir þessi litlu hús sem við erum að koma fyrir í borginni fyrir fólk sem vantar heimili. Við gerum allt sem við getum til að finna góðar staðsetningar í sátt við íbúa og umhverfi.“ bjornth@frettabladid.is

BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL 3* KANARÍ

7. - 14. FEBRÚAR

VERÐ FRÁ **119.900 KR.**

Á MANN MIÐAÐ VIÐ 2 FULLORÐNA & 2 BÖRN

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS

Gleðjum bándann!

ÚRVAL AF GJÖFUM SEM GLEÐJA



20%
AFLÁTTUR AF ÖLLUM
POTTAPLÖNTUM

A wooden sign hanging on a white wall reads "FRÆIN ERU KOMIN!". Below the sign, various gardening supplies are displayed on a shelf, including bags of seed mix, pots of herbs, and trays of seedlings.

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



FRÉTTABLAÐID IS

1 Hótel Skúla á Ásbrú hætt rekstri Base hóteli í Ásbrúarhverfinu á Reykjanesi hefur verið lokað. Öllu starfsfólki hótelsins var sagt upp störfum í morgun.

2 Sýknaður eftir að hafa sofði hjá 13 ára stúlku með Asperger heilkenni Karlmaður var sýknaður af nauðgunarákæru eftir að hafa sofði hjá 13 ára stúlku með Asperger-heilkenni þegar hann var 18 ára gamall.

3 Báru kennsl á höfuðkúpu manns 25 árum eftir að hún fannst Ekki tókst að bera kennsl á höfuðkúpuna og var hún því sett í geymslu í nærri 25 ár.

4 Takmarka hvaða hjálparðyr verða leyfð um borð í flugvélum Lagt er til að aðeins vottuð hjálparðyr verði leyfð um borð hjá bandarískum flugfélögum og að reglur í kringum dýr sem veita andlegan stuðning verði endurskoðaðar.

5 Dönsurum gróflega mismunað í sviðslistaheiminum Fjöldmennur aðalfundur Félags íslenskra leikara og sviðslistafólks var haldinn síðastliðinn þriðjudag.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Báru kennsl á höfuðkúpu

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurlandi hefur borið kennsl á höfuðkúpu sem fannst haustið 1994 við Ölfusá. Um er að ræða höfuðkúpu Jóns Ólafssonar sem talinn er hafa fallið í Sogið á aðfangadag 1987.

Í fyrra var tekið DNA-sýni úr höfuðkúpunni og það sent til Svíþjóðar þar sem sýnið var borið saman við aðstandendur þeirra sem taldir eru hafa horfið í umdæminu á liðnum árum.

Dóttir Jóns, Birgitta Jónsdóttir fyrrverandi þingmaður, segir það gríðarlegan létti að loksins hafi tekist að bera kennsl á jarðneskar leifar föður hennar.

„Við systkinin erum bara rosalega þakklát,“ segir Birgitta. Nánar er rætt við Birgittu á fréttablaðið.is. – **bopa**

Samþykktu 400 milljóna yfirdrátt á Seltjarnarnesi

SELTJARNARNES Bæjarstjórn Seltjarnarness staðfesti á fundi sínum á miðvikudag ákvörðun bæjarráðs um að gera samning við Íslandsbanka um yfirdráttarheimild á veltureikningi bæjarins upp á 400 milljónir króna.

Var umrædd afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með atkvæðum fjögurra bæjarfulltrúa en þrír sátu hjá.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness, segir í samtali við Fréttablaðið að yfirdráttar-

Það eru sveiflur innan hvers mánaðar og við erum auðvitað búin að vera í miklum framkvæmdum.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness



heimild hafi verið á veltureikningi bæjarins síðastliðin tuttugu ár.

„Það eru sveiflur innan hvers mánaðar og við erum auðvitað búin að vera í miklum framkvæmdum,“ segir Ásgerður og tekur dæmi um byggingu hjúkrunarheimilis og stækkun íþróttamiðstöðvar.

„Svo borgum við út launin einu sinni í mánuði og fáum okkar tekjur frá skattstofunni, það getur sveiflast um nokkra daga. Þetta fer bara eftir því hversu hratt stað-

greiðslan kemur til okkar, þá getum við stundum þurft að draga á þetta og stundum ekki,“ segir Ásgerður.

Aðspurð hvort að bærinn eigi í fjárhagserfiðleikum segir hún að svo sé ekki.

„Nei, það eru engir erfiðleikar og lágt skuldahlutfall hjá bænum og miklar eignir en svona eru bara öll sveitarfélög með, geta farið á heimildir ef þess þarf. Ekkert öðruvísi núna en öll hin árin.“

– **bdj**

Gullmoli á Holtsgötu til sölu upp í kostnað hjá Minjavernd

Minjavernd sem lagði 130 milljónir króna í að endurbyggja 136 ára gamlan steinbæ á Holtsgötu býður húsið til sölu á 89,5 milljónir. Reykjavíkurborg keypti húsið og gaf Minjavernd til að gera upp. Engin bein tilboð hafa enn borist að sögn framkvæmdastjórans sem kveður endurgerðina vandaða frá a til ö.

FASTEIGNIR „Þetta hús er lítill gullmoli,“ segir Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar, sem er að selja eina tvöfalda steinbæinn sem eftir stendur í Reykjavík.

Steinbærinn Stórasel er á Holtsgötu 41b og stendur þar innan um ný og gömul fjölbýlishús. Bærinn er með hlaðna grágrýtisveggi. Var vestari burstin byggð 1884 en sú austari 1893.

Reykjavíkurborg eignaðist Stórasel að fullu með 14 milljóna króna greiðslu árið 2012 og hafði þar með keypt húsið í tveimur áföngum. Ekki fengust upplýsingar í gær frá borginni um hver heildarkostnaðurinn var við kaupin. Borgin afsalði bænum til Minjaverndar árið 2014 gegn því að félagið gerði húsið upp fyrir eigin reikning.

Ásett verð á húsinu er 89,5 milljónir króna. Þorsteinn segir að kostnaður Minjaverndar við endurbætur á Stóraseli sé hins vegar um 130 milljónir króna. Frá byrjun var vitað að söluverðið myndi ekki duga fyrir þeim útgjöldum og situr félagið því uppi með tapið. Að sögn Þorsteins tapar Minjavernd á sumum verkefnum en hagnast á öðrum og leitast við að koma út á sléttu.

Stórasel er endurgert sem íbúðarhús og er 146 fermetrar auk nokkurra fermetra undir súð á efri hæðum þannig að heildargrunnflöturinn er að sögn Þorsteins ríflega 160 fermetrar. Húsið hefur verið á sölu frá því í lok október. „Afraksturinn hefur ekki orðið mikill enn þá,“ segir hann um við-



Stórasel kúrir endurbyggt við baklóðir fjölbýlishúsanna við Holtsgötu og Sólvallagötu. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Við höfum fulla trú á því að þetta hús muni seljast með hækkandi sól, þegar bankar fara að opna dyrnar betur aftur.

Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar

tökurnar. Engin bein tilboð hafi borist.

„Húsið stendur í dag náttúrlega inni í randbyggð umlukt hærri húsum og sjálfsgötu friðað og segir Þorsteinn að vilji væntanlegir eigendur leggja í breytingar séu þær háðar samþykki húsafríðunarnefndar.

„Núverandi ráðaðilar þar eru svo sem þess sinnis að það hafi lítið upp á sig að vera að friða hús ef það má ekki nota þau til einhvers. Það var mikil guðsgjöf þegar menn áttuðu sig á því,“ segir framkvæmdastjóri Minjaverndar. gar@frettabladid.is

hófum fulla trú á því að þetta hús muni seljast með hækkandi sól, þegar bankar fara að opna dyrnar betur aftur og markaðurinn fer í gang í framhaldi af því.“

Húsið er að sjálfsgöðu friðað og segir Þorsteinn að vilji væntanlegir eigendur leggja í breytingar séu þær háðar samþykki húsafríðunarnefndar.

„Núverandi ráðaðilar þar eru svo sem þess sinnis að það hafi lítið upp á sig að vera að friða hús ef það má ekki nota þau til einhvers. Það var mikil guðsgjöf þegar menn áttuðu sig á því,“ segir framkvæmdastjóri Minjaverndar. gar@frettabladid.is

Gögnin ekki hluti málsskjala

DÓMSMÁL Gögn sem Íslenska ríkið sendi efri deild Mannréttindadómstóls Evrópu nú um miðjan mánuðinn verða ekki hluti málsgagna í Landsréttarmálinu samkvæmt ákvörðun forseta efri deildar dómstólsins.

Frestur til að skila gögnum í málinu rann út í nóvember og skiluðu þá bæði kærandi málsins og ríkið inn greinargerðum.

Eftir að greinargerðum var skilað beindi dómstóllinn viðbótarspurningum til málsaðila og óskaði þess að þeim yrði svarað við munnlegan málflutning sem fram fer 5. febrúar næstkomandi. Eins og Fréttablaðið greindi frá svaraði ríkið spurningunum skriflega og sendi dóminum auk yfirlýsinga frá Sigríði Andersen og Brynjari Nielssyni. Í bréfi dómstólsins til málsaðila, dagsettu í gær, kemur fram að forseti dómstólsins hafni því að umrædd skrifleg gögn verði hluti málsskjalanna þar sem frestur til að skila gögnum sé liðinn.



Forseti efri deildar Mannréttindadómstóls ákvað að ný gögn kæmust ekki að.

Fyrirnefndum spurningum eigi að svara í munnlegum málflutningi.

Þá var beiðni ríkisins um lengri málflutningstíma einnig hafnað. Í bréfi dómstólsins kemur fram að hvor málsaðili fái 30 mínútur til að flytja mál sitt þann 5. febrúar næstkomandi og tíu mínútur til viðbótar í síðari umferð málflutningsins.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er ríkislögmaður, Einar Karl Hallvarðsson, farinn í ótímabundið veikindaleyfi og hefur Fanney Rós Frostadóttir verið sett í hans stað tímabundið og er líklegt að hún taki hans sæti í málflutningnum. Að auki mun breski lögmaðurinn Tim Otty flytja mál íslenska ríkisins. – **aa**

STÓR HUMAR

HUMARSÚPA

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800

OPIÐ

LAUGARDAG

10-15

Jafnlaunavottun með Gullmerki PwC

Norðurál er jafnlaunavottað fyrirtæki með gullmerki PwC, sem skipar okkur í fremstu röð íslenskra fyrirtækja þegar kemur að launajafnrétti. Við greiðum starfsfólki laun eftir ábyrgð, sérþekkingu og vinnuframlagi, ekki kyni eða uppruna. Vottunin staðfestir málefnalega og sanngjarna stjórn launamála hjá fyrirtækinu.

Norðurál er stærsti vinnustaður Vesturlands, með um 600 manns að störfum við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Við leggjum áherslu á að rækta góðan starfsanda og skapa öruggan vinnustað þar sem sanngirni og réttisýni ráða för.



Jafnlaunaúttekt
PwC 2019



Fannst látinn í Póllandi

MANNSHVÖRF Mateusz Tynski, búsettur í Sandgerði, sem hvarf í febrúar á síðasta ári, fannst látinn í Póllandi fyrr í mánuðinum. Þetta staðfestir bróðir hans, Karol Tynski. Fyrir útför Mateusz fram í bænum Pyskowice í suðurhluta Póllands í gær.

Mateusz, sem var 29 ára, bjó á Íslandi í fjögur ár og starfaði lengst af í fiskvinnslu. Hann var ókvæntur og barnlaus. Eins og Fréttablaðið greindi frá í sumar sást hann síðast á flugvellinum í Keflavík á leið úr landi en hann hafði ekki látið fjölskyldu sína vita af ferðinni, sem var óvenjulegt að sögn Karol.

Ekki var vitað um nein vandræði sem Mateusz ætti við að stríða hérna á Íslandi né óreglu og hann var í reglulegu símasambandi við fjölskyldu sína ytra. Hvarf hans uppgötvaðist ekki fyrr en í maí.

Lögreglan í Póllandi leitaði Mateusz í sumar en málið var ekki rannsakað á Íslandi því að hann var talinn hafa farið úr landi. Ekki var rannsakað hvort hann hefði sagt upp vinnu, selt bíl sinn eða aðrar eigur áður en hann fór úr landi.



Hvarf Mateusz Tynski uppgötvaðist í maí á síðasta ári. MYND/ITAKA

» Mateusz var 29 ára og bjó á Íslandi í fjögur ár.

Auglýsingar um hvarf Mateusz voru hins vegar birtar hér, meðal annars af pólska sendiráðinu. Stóð leit enn þá yfir um áramótin. – khg



Mikillar óþreyju gætir hjá félögum opinberra starfsmanna enda samningar verið lausir lengi. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Þolinmæði SGS þrotin

Starfsgreinasambandið (SGS) og Félag framhaldsskólakennara vísuðu deilum sínum við ríkið til rikissáttasemjara í gær. SGS segir þörf á skýrari verkstjórn.

KJARAMÁL Starfsgreinasambandið (SGS) og Félag framhaldsskólakennara vísuðu bæði í gær kjaraviðræðum sínum við samninganefnd ríkisins til Ríkissáttasemjara. Þá var viðræðum Félags fréttamanna við Samtök atvinnulífsins vegna RÚV einnig vísað til sáttasemjara.

Samningar á opinbera vinnu-markaðnum hafa verið lausir í næstum tíu mánuði og er mikillar óþreyju farið að gæta hjá stéttarfélögum opinberra starfsmanna og öðrum félögum sem semja við ríki og sveitarfélög.

„Þolinmæðin er bara þrotin og við teljum að hér þurfi bara skýrari verkstjórn. Ríkissáttasemjari hefur ekkert mjög langan tíma þangað til við ákveðum næstu skref,“ segir Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS, um ástæðu þess að viðræðunum hafi verið vísað til sáttasemjara.

Í síðustu viku var skrifað undir kjarasamning SGS og Sambands íslenskra sveitarfélaga og er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna ljúki 10. febrúar næstkomandi. Eitt af stærstu málunum sem enn eru óleyst í viðræðum opinberra starfsmanna eru málefni vaktavinnufólks en skipaður var sérstakur starfshópur um þau mál.

„Okkur finnst þessi vinna í vakta-

Ríkissáttasemjari hefur ekkert mjög langan tíma þangað til við ákveðum næstu skref.

Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS



vinnuhópnum ganga allt of hægt. Önnur vinna í viðræðunum sem átti að fara í samhliða hefur engan veginn náð sér á strik. Þar hafa menn til að mynda ekki verið tilbúnir, að okkar mati, til að horfa til ýmissa þátta í sveitarfélagasamningnum,“ segir Flosi.

Sverrir Jónsson, formaður samninganefndar ríkisins, segist vona að samskiptin við samningsaðila verði áfram góð þrátt fyrir að þessum málum hafi verið vísað á borð ríkissáttasemjara.

„Stóra málið í þessum viðræðum er vinnutímabreytingar. Það er flóknara að breyta því í tilfelli vaktavinnufólks en frá því í síðustu

viku höfum við setið mjög þétt yfir því. Það samtal hefur gengið mjög vel,“ segir Sverrir.

Fundað hafi verið stíft alla síðustu helgi og í gær. Þá gerir hann ráð fyrir að unnið verði áfram í starfshópnum núna um helgina.

„Sú vinna gengur afskaplega vel og það er góður andi og samhljómur. Þetta hefur verið tappinn í þessum viðræðum. Gangi það vel er ég vongóður um að það sem eftir standi muni líka ganga vel. Við erum reiðubúin að ganga frá samningum fljótt þegar vaktavinnunni lýkur.“

Boðað hefur verið til baráttufundar opinberra starfsmanna undir yfirskriftinni „Kjarasamninga strax!“ næstkomandi fimmtudag. Það eru BHM, BSRB og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sem standa að fundinum.

Búið er að ganga frá samningum við félög sem í eru um helmingur félagsmanna í BHM en enn er ósamíð við ellefu aðildarfélög. Mál BSRB gegn ríki, sveitarfélögum og Reykjavíkurborg eru öll á borð Ríkissáttasemjara. Þá mun atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir félagsmanna Eflingar sem starfa hjá borginni ljúka um helgina.

sighvatur@frettabladid.is

Kjöraðstæður fyrir framkvæmdir

VIÐSKIPTI Opinberir aðilar munu alls verja 132 milljörðum til verklegra framkvæmda á þessu ári. Alls er um að ræða fjögurra milljarða króna aukningu frá því í fyrra. Þetta kom fram á Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins sem fór fram á Grand Hótel í gær.

Áætlað er að Vegagerðin muni framkvæma mest, eða fyrir alls 39 milljarða króna, sem er tæplega 17 milljörðum króna meira en kynnt var á síðasta ári. Isavia gerir ráð fyrir framkvæmdum fyrir 21 milljarð króna og Reykjavíkurborg fyrir tæplega 20 milljarða króna. Í fyrsta sinn á þessu þingi eru sérstaklega kynntar verklegar framkvæmdir vegna Landspítala sem eru áætlaðar upp á tæplega 12 milljarða króna. Þá fyrirhugar Landsnet að bæta við framkvæmdir frá síðasta ári sem nemur 2,5 milljörðum króna.

„Það er ljóst að það á að bæta verulega í þegar kemur að samgöngumálum. Vegagerðin hyggur á útboð fyrir tæplega 17 milljarða króna hærri upphæð en í fyrra, það er mjög jákvætt,“ segir Sigurður

Það er heilmikil þörf fyrir innviðauppyggingu. Eins og kom fram í skýrslu Samtaka iðnaðarins frá því haustið 2017 er uppsöfnuð þörf 372 milljarðar.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI



Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. „Það er heilmikil þörf fyrir innviðauppyggingu. Eins og kom fram í skýrslu Samtaka iðnaðarins frá því haustið

» **Áætlaðar framkvæmdir í milljörðum króna**

Vegagerðin	38,7
Isavia	21,0
Reykjavíkurborg	19,6
Landspítalinn	12,0
Landsnet	11,7
Framkvæmdasýslan	9,3
Veitur	8,8
ON	4,5
Landsvirkjun	4,1
Faxaflóahafnir	2,2
Alls	131,9

2017 er uppsöfnuð þörf 372 milljarðar.“

Sigurður segir aðstæður í hagkerfinu mjög hagfelldar fyrir framkvæmdir. „Launþegum í mannvirkjagerð hefur fækkað milli ára. Svo er samdráttur í hagkerfinu. Það eru kjöraðstæður, bæði vegna þess að það er slaki og vegna þess að það er æskilegt við þessar aðstæður að hið opinbera bæti í framkvæmdir. Það er því bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að ráðast í innviðauppyggingu.“ – ab

KRONAN

Fyrir Bóndann

SASHI

Beef Love

Sashi T-bone steikur, 500 g

2599 kr. pk.

f

ig

globe

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/edá myndabrengl.

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

f

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Er þetta eðlilegt?


Í mars árið 2019 lönduðu þrjú skip á Íslandi kolmunna sama dag, hjá sama fyrirtæki, fiski úr sömu torfunni. Tvö þessara skipa voru íslensk og eitt var norskt.

Íslensku skipin fengu **25,17 krónur á kíló** fyrir sinn farm, en norska skipið fékk **36,07 krónur á kíló** fyrir sinn kolmunna. **Munurinn er rúmlega 43%.**



25,17 kr/kg

verð á kolmunna
til íslenskra sjómanna



36,07 kr/kg

verð á kolmunna til
norskra sjómanna

Hefðu íslenskar útgerðir greitt íslenskum sjómönnum sama verð og norskum sjómönnum þá hefðu hafnir landsins fengið **rúmunum tveimur milljónum meira í hafnargjöld** í þessari einu viku fyrir þessa einu tegund.

Hverjir tapa á ógagnsæju fiskverði í sjávarútvegi á Íslandi?

↓ **Sjómenn tapa launum**

↓ **Sveitarfélögin tapa útsvari**

↓ **Hafnir tapa hafnargjöldum**

↓ **Ríkið tapar tekjuskatti og auðlindagjöldum**



VM Félag vélstjóra og máltæknimanna



Frá rússneska þinginu í gær sem samþykkti einróma stjórnarskrár-breytingar Pútíns. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Neðri deildin samþykkir tillögur Pútíns

RÚSSLAND Dúman, neðri deild rússneska þingsins, samþykkti í gær einróma frumvarp um þær breytingar á stjórnarskrá landsins sem Vladimir Pútín forseti lagði fram og taka eiga gildi eftir að kjörtímabili hans lýkur árið 2044.

Atkvæðagreiðsla deildarinnar í gær var sú fyrsta af þremur. Næst verður gengið til atkvæða 11. febrúar.

Athygli vekur að ekki er liðin vika frá því að Pútín kynnti hugmyndir að stjórnarskrárbreytingum. Hann segir að þeim sé ætlað að styrkja lýðræðið í landinu og færa þinginu aukin völd. Ákvæði verða sett inn um að forseti geti eingöngu setið samanlagt í tvö kjörtímabil.

Sérstök nefnd sem Pútín skipaði hefur, ásamt þingmönnum, lagt til ýmsar viðbætur við frumvarpsdrögin sem samþykkt voru í morgun.

Pútín, sem er 67 ára, hefur stýrt Rússneska sambandsríkinu í meira en 20 ár.

AP-fréttastofan segir gagnrýnendur telja að með stjórnarskrár-breytingunum vilji Pútín tryggja sér áframhaldandi áhrif. Þannig segir rússneski auðmaðurinn Mikhail Khodorkovskij, sem sat í 10 ár fangelsi fyrir að ögra Pútín og býr nú í Bretlandi, að forsetinn sé með þessu að tryggja sér alger völd. Þau völd munu nú færast meira í skugga bakherbergja. Khodorkovskij telur að Pútín gæti mögulega verið að undirbúa kosningar í ljósi almennrar óánægju vegna efnahagsvanda landsins. – ds



Fylgi flokks Luigi di Maio utanríkisráðherra Ítalíu hefur fallið mjög síðustu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lætur af formennsku í Hreyfingunni

ÍTALÍA Luigi di Maio, hinn 33 ára utanríkisráðherra Ítalíu, hefur látið af formennsku í Fimmstjörnuhreyfingunni.

Hreyfingin sem er lýðhygli- og andkerfisflokkur, fékk 32,7 prósent atkvæða og 227 þingmenn í kosningunum árið 2018. Mjög hefur dregið úr fylgi flokksins í skoðanakönnunum síðustu mánuði og mælist flokkurinn nú með minna en 16 prósentu fylgi.

Allt hefur logað stafna í milli í flokknum síðustu misseri. Alls hafa 27 þingmenn ýmist hætt af sjálfsdáðum eða verið hraktir af þingi á kjörtímabilinu. Fjárhagur flokksins hefur einnig reynst erfiður.

Fimmstjörnuhreyfingin og Lýðræðisflokkurinn mynda nú saman ríkisstjórn á Ítalíu. – ds

Hjolað í gegnum eyðilegginguna



Gróðureldarnir í Ástralíu hafa sett mikinn svip á samfélagið, landslagið og ekki síst dýralífið í landinu. Eldarnir settu einnig svip sinn á hjólræiðakeppnina Tour Down Under sem fer nú fram. Annar hluti keppinnar lá gegnum hæðirnar fyrir ofan Adelaide þar sem bæði hjólræiðamenn og áhorfendur fundu svo sannarlega fyrir eyðileggingunni. Mikill hiti og hvass vindur gera það að verkum að búist er við fleiri eldum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stemningin á við heimsendi

Á þriðja tug eru látnir og hátt í sjö hundruð hafa smitast af kórónaveirunni í Kína. Tveimur borgum hefur verið lokað. Íbúi segir andrúmsloftið minna á heimsendi. Sóttvarnalæknir fylgist vel með stöðunni.

HEILBRIGÐISMÁL Á þriðja tug eru látnir af völdum kórónaveirunnar sem geisar nú í borginni Wuhan í Kína. Hátt í sjö hundruð manns hafa smitast. Ferðir til og frá Wuhan, sem og nágrannaborginni Huanggang, eru nú bannaðar, samanlagt búa þar um 18 milljónir manna. Þá hefur öllum skrautsýningum og meiri háttar hátíðarhöldum í tilefni kínversku áramótanna um næstu helgi verið aflýst í höfuðborginni Peking. Eftir að veirunnar varð fyrst vart sendu kínversk yfirvöld viðvörun til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Bönd hafa borist að markaði með afurðir villtra dýra.

Stemningin í Wuhan er eftir atvikum. Viðmælandi BBC í borginni lýsti andrúmsloftinu „líkt og um heimsendi væri að ræða“. Hillur stórmarkaða séu nánast tómar og þeir sem eru utandyra hafi grímu fyrir vitum.

Síðustu daga hafa tilfelli verið staðfest í Sjanghæ, Shenzhen og Peking. Búið er að staðfesta eitt tilfelli í Bandaríkjunum. Grunur er um að veiran hafi borist til annarra landa, þar á meðal Tailands og Skot-



Skortur er á andlitsgrímum í borginni Wuhan og því hefur framleiðsla á þeim verið stóraukin síðustu daga vegna sóttvarna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

lands. Allir sem hafa látist voru með undirliggjandi sjúkdóma.

Enginn grunur er um að veiran hafi borist til Íslands, en sóttvarnalæknir fylgist vel með stöðunni. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur gefið út ráðleggingar vegna

ferðalaga Íslendinga til útlanda, sérstaklega til Kína. Bent er á að gæta vel að almennu hreinlæti, sérstaklega handþvotti. Forðast skuli náð samneyti við einstaklinga sem eru með almenn kvefeinkenni.

Þá er ráðlagt að forðast náð sam-

» Sóttvarnalæknir hér á landi hefur gefið út ráðleggingar vegna ferðalaga Íslendinga til útlanda, sérstaklega til Kína.

neyti við villt dýr eða dýr á almennum mörkuðum. Nota skuli klút fyrir vitin við hnerra þegar um kvefeinkenni er að ræða og þvo hendur reglulega. Þá eru þeir sem leita á spítala eða heilsugæslu hérlandis beðnir um að láta heilbrigðisstarfsmenn vita hafi þeir verið í Kína nýlega.

Ekki er þó ástæða til að takmarka ferðalög til og frá Kína.

Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins telur líklegt að veiran geti borist til Evrópu, sérstaklega til landa sem eru með beinar flugsamgöngur til Wuhan.

Veiran virðist ekki valda jafn skæðum sjúkdómi og HABL-veiran gerði snemma á öldinni en þá létust um 10 prósent þeirra sem sýktust. arib@frettabladid.is

Alþjóðadómstóllinn krefst verndar Róhingja

MJANMAR Alþjóðadómstóllinn í Haag í Hollandi hefur fyrirskipað Mjanmar að gripa þegar í stað til allra nauðsynlegra ráðstafana til að stöðva þjóðarmorð og illa meðferð á Róhingja múslimum sem eru í minnihluta í landinu.

Stjórnvöld í Gambíu sækja dómsmál gegn Mjanmar vegna þjóðarmorðs á Róhingjum fyrir hönd samtaka múslimaríkja.

Herinn í Mjanmar, sem lét til skarar skriða gegn Róhingjum í Rakhine-héraði haustið 2016, hefur verið sakaður um fjöldamorð, skipulagðar nauðganir og önnur ofbeldisverk. Talið er að herinn



Hundruð þúsunda Róhingja hafa flúið ofsóknir Mjanmar til Bangladess. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

hafi drepíð þúsundir Róhingjarkarla, kvenna og barna, og neytt um 730.000 þeirra úr landi. Flestir Róhingjanna flúðu til Bangladess og dvelja nú þar í flóttamannabúðum.

Aung San Suu Kyi, leiðtogi Mjanmar og handhafi friðarverðlauna Nóbels, mætti fyrir Alþjóðadómstóllinn í desember síðastliðnum til að svara fyrir alvarlegar ásakanir um þjóðarmorð. Þar hélt hún uppi vörnum fyrir herinn og sagði áskanir Gambíumanna bæði rangar og í skötulíki.

Eftir að dómstóllinn birti kröfur sínar í gær hefur Suu Kyi, viður-

kennt að stríðsglæpir kynnu að hafa verið framdir gegn Róhingjum í ættlandi hennar, en vísar enn á bug ásökunum um þjóðarmorð.

Dómstóllinn krefst þess að mjanmörsk yfirvöld skili skýrslu um stöðu og þróun mála eftir fjóra mánuði og síðan á hálfis árs fresti. Koma verði í veg fyrir dráp á Róhingjum og allt ofbeldi í garð þeirra.

Krafa Alþjóðadómstólsins er bindandi og ekki hægt að áfrýja ákvörðuninni. Hins vegar mun dómurinn engar leiðir hafa til eftirfylgni. Búist er við að málið verði til umfjöllunar dómstólsins í nokkur ár. – ds



toppur

nettó

ICELANDAIR



Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

Abllir Geta Dansað

Veigar
900-9001

Vala
900-9003

Manuela
900-9004

Jón Viðar
900-9005

Haffi Haff
900-9002

UNDANÚRSLIT



BEIN ÚTSENDING
Í KVÖLD

SKOÐUN

Taka tvö

Hördur
Ágísson

hordur@frettabladid.is

Það er búið að ákveða hvað er til skiptanna. Í aðdraganda kjarasamninga á almennum markaði var ljóst að svigrúm atvinnulífsins til að fallast á miklar launahækkanir væri afar lítið. Samdráttur var í vændum í ferðaþjónustu – spurningin aðeins hversu mikill – og kólnun í hagkerfinu með tilheyrandi hagræðingaraðgerðum og uppsögnum. Allt hefur það gengið eftir. Þótt verkföll og hatrammar deilur hafi einkennt viðræðurnar, vegna óraunhæfra krafna sem stéttarfélagin héldu til streitu, þá náðist að lokum ásættanleg niðurstaða – bæði fyrir vinnuveitendur og launafólk – með Lífskjarasamningnum sem hefur stutt við stöðugleika og gefið okkur færi á að lækka vexti til að milda niðursveifluna.

Samningarnir, sem kváðu á um höflegar krónutöluhækkanir og voru útfærðir þannig að þeir færdi fólk á lægstu launinum mest, hafa í meginatriðum virkað eins og lagt var upp með. Ólíkt því sem við höfum áður vanist hefur orðið nánast ekki neitt launaskrið. Kaupmáttur launa jókst engu að síður um nærri tvö prósent árið 2019 – lágmarkslaun hækkðu enn meira – samtímis lágrí verðbólgu og stöðugu gengi. Það verður að teljast afrek í ljósi efnahagserfiðleika. Nú þegar útlit er fyrir að efnahagslæðin verði langvinnari en sumir höfðu talið, með litlum eða engum hagvexti og vaxandi atvinnuleysi, mun það þýða minni kjarasamningsbundnar launahækkanir en ella. Þar ræður sú leið að tengja meiri launahækkanir við hagvöxt og um leið viðurkenna þau sannindi, sem of margir skeyta litt um, að laun verða aldrei ákvörðuð án tillits til verðmætasköpunar í hagkerfinu hverju sinni.

Nú mánuðum síðar eru hins vegar enn á ný blíkur á lofti. Forystumenn Eflingar hafa skorið sig úr samfloti við SGS og neita að semja við Reykjavíkurborg á sömu nótum og önnur félög hafa gert. Skiptir þá engu að þeir samningar séu á grunni Lífskjarasamningsins sem Efling stóð sjálf að fyrir aðeins fáeinum mánuðum – nú skal farið fram með enn sverari launakröfur. Ekkert þokast í viðræðum og það stefnir í verkföll um 1.800 starfsmanna, að stórum hluta á leikskólum. Formaður samninganefndar borgarinnar, áður yfirmaður kjaramálasviðs Eflingar, hefur sagt kröfur stéttarfélagsins þýða heildarlaunahækkunir á samningstímabilinu sem væru langt umfram það sem um var samið á hinum almenna markaði. Útilokað er að verða við þeim kröfum og um leið skapa fordæmi sem myndi setja Lífskjarasamninginn, og í kjölfarið allan vinnumarkaðinn, í uppnám á afar viðkvæmum tímum.

Flestir sjá hvaða leik er verið að leika. Forystusveit Eflingar, sem aðhyllist 19. aldar marxískar kennisetningar um viðvarandi stéttastrið milli atvinnurekenda og launafólks, ásamt fylgihnöttum þeirra í Sósíalistaflokknum, virðist hafa það að markmiði að brjóta upp þann stöðugleika sem náðst hefur á vinnumarkaði. Það vekur eftirtekt að leiðtogar annarra verkalyðsfélaga hafa ekki séð ástæðu til að lýsa yfir stuðningi við vegferð Eflingar. Það kemur ekki á óvart. Allir vita hvaða hagsmunir eru undir fyrir launafólk að Lífskjarasamningurinn haldi. Þeir sem ráða för í Eflingu skeyta á móti litt um þær staðreyndir. Allir sem andmæla ruglinu sem þaðan kemur, breytir þá litlu hvort það séu forsvarsmenn í atvinnulífinu eða fyrverandi starfsmenn Eflingar, eru um leið útmálaðir sem óvinir hinna vinnandi stétta. Sífellt fleiri eru hins vegar farnir að átta sig á því hverjir þeir raunverulega eru.

Það vekur eftirtekt að leiðtogar annarra helstu verkalyðsfélaga hafa ekki séð ástæðu til að lýsa yfir stuðningi við þessa vegferð Eflingar.

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

PREMIUMS

BJÖRNSEBAKARI

Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

Halldór



Frá degi til dags

Maður ársins

Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið halda áfram að þegja um hverjir notuðu peningaþvottavélina á árunum eftir hrun. Það er alltaf merkilegt hvað sum lög eru heilög og önnur ekki. Nú liggur fyrir frumvarp forsætisráðherra um vernd uppljóstrara. Daginn sem það verður að lögum er komið tækifæri fyrir einhvern í kerfinu að leka því í fjölmiðla án þess að eiga á hættu að verða rekinn því engum dylst að listinn á erindi við eigendur bankans. Þvert á móti yrði viðkomandi maður ársins á Rás 2.

Akureyrarborg

Nýjasta útpílið í byggðapólitíkinni er að borgarstjóri Akureyrarborgar vill að stjórnvöld viðurkenni borgina sem borg. Akureyrarborg gegni svæðisbundnu hlutverki sem stærsta sveitarfélag utan borgaróttans og hafi mörg einkenni borgar og borgarsamfélags. Sveitarstjórnarráðherra hefur því fengið erindi þar sem farið er fram á samstarf og stuðning við Akureyri sem vaxtarsvæði til mótvægis við Garðabæ og nágrenni. Samkvæmt Hagstofnunni búa nær 19 þúsund manns í borginni, sem er svipaður fjöldi og í Grafarvogsbæ sem fær ekki sjálfstæði frá Vesturbænum. Er þá líklegast best að leita til nágrannasamfélaganna við Eyjafjörð um sameiningu til að fá stuðning.

arib@frettabladid.is

Mikið í húfi

Guðlaugur Þór
Þórðarson
utanríkis- og
þróunarsam-
vinnuráðherra

Í dag er vika uns Bretland gengur formlega úr Evrópusambandinu og þar með úr Evrópska efnahagssvæðinu. Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu mánuðum undirbúið viðræður við Breta um hvernig framtíðarsambandi Íslands og Bretlands verður háttað. Þýðing hagfellds samnings við þennan mikilvæga nágranna okkar verður seint ofmetin. Bretland er stærsti einstaki útflutningsmarkaður Íslands hvað vöruviðskipti varðar og samskipti þjóðanna hafa alla tíð verið nán.

Þegar ég tók við embætti utanríkisráðherra fyrir þremur árum gerði ég hagsmunagæslu vegna útgöngunnar að forgangsmáli. Að mörgu þurfti að hyggja, sérstaklega ef Bretar og ESB næðu ekki samningi. Okkur tókst að tryggja lykilhagsmuni Íslands óháð því hvort útgangan hefði orðið með eða án samnings. Í viðræðunum sem nú fara í hönd byggjum við á þeim trausta grunni sem þá var lagður.

Bretar stefna að fullkomnum aðskilnaði við Evrópusambandið fyrir lok ársins og því riður á að undirbúa samningaviðræðurnar hratt og vel. Fyrr í mánuðinum komu fulltrúar stjórnsýslu, hagsmunasamtaka og atvinnulífs til fundar í utanríkisráðuneytinu til að stilla saman strengi. Samninganefnd Íslands fyrir þessar þýðingarmiklu viðræður hefur þegar verið skipuð og valin manneskja í hverju rúmi.

Undirbúningurinn miðast við að gera viðtækan efnahags- og samstarfssamning við Bretland. Á sama tíma erum við viðbúin því að sá þröngi tímarammi sem okkur er úthlutaður gæti þýtt að hluti viðræðanna verði að fara fram síðar. Samningsmarkmiðum Íslands verður eftir atvikum fylgt eftir í samfloti með öðrum EFTA-ríkjum innan EES eða með tvíhliða samningum Íslands og Bretlands. Tekið verður mið af viðræðum Bretlands og ESB þar sem það á við og samræmist hagsmunum Íslands.

Ekki verður hvikað frá því höfuðmarkmiði að fá að minnsta kosti sambærileg viðskiptakjör og önnur ríki á EES-svæðinu og freista þess um leið að ná fram atriðum er varða sérstöðu Íslands og kjarnahagsmuni.



Tekið verður mið af viðræðum Bretlands og ESB þar sem það á við og samræmist hagsmunum Íslands.

Sumt er sjötugum fært

Í DAG



Þorbjörg Sigríður Gunnarsdóttir

Ég er aðdáandi Ruth Bader Ginsburg, dómara við Hæstarétt Bandaríkjanna. Mín kona – minn uppáhaldsleikmaður – er ekki bara brilliant lögfræðingur heldur sjarmerandi kona. Hún er beitt og klók og drepur mýtuna um að lögfræði sé þurr og hún er kona snjallra tilsvara. Hún skrifar á nóttunni og hún er kona sem þiggur rauðvinsglasið. Þegar hún var spurð út í það þegar hún sást í sjónvarpi sofna yfir ræðu Obama í þinginu svaraði hún með því sem allir vissu að var sannleikur málsins: „Ég var kannski ekki 100% allsgæð.“

Þegar ég byrjaði í lagadeild þótti blessunarlega ekki merkilegt að konur væru laganemar. Konur voru þá um helmingur nemenda. Mikið tekin lína þá var að þetta væri allt að koma. Konur yrðu bráðum til jafns við karla í Hæstarétti. Síðan eru liðin 15 ár og við erum ekki áberandi nálægt því markmiði. Þar erum við eins og Bandaríkin.

Það telst til tíðinda þegar kona er skipuð við réttinn. Ruth var skipuð í Hæstarétt árið 1993 af Clinton. Þá hafði bara Sandra Day O'Connor setið í Hæstarétti, skipuð af Reagan 1981. Fram til ársins 1981 var saga kvenna í Hæstarétti Bandaríkjanna því engin. Eftir Ruth hafa tvær konur tekið sæti, Sonia Sotomayor og Elena Kagan sem Obama skipaði 2009 og 2010. Eflaust hefur það verið ein af þessum litlu tilviljunum að Obama skipaði tvær konur í Hæstarétt í sinni forsetatíð, forsetinn sem sagði að stefna ætti að því að það væru ekki engin glerþök til að brjóta lengur.

Ruth og Obama eiga jafnréttis- taugina og frjálslyndið sameiginlegt. Í viðtölum hefur Ruth oft svarað þeirri spurningu hvort hún hafi sem lögfræðingur stefnt að því að verða dómari og svarað að það hafi verið óraunhæfur draumur fyrr en Jimmy Carter varð forseti og sá ljósið í því að nýta hæfileika beggja kynja.

Ruth er í dag sennilega leiðtogi frjálslynda armsins í Hæstarétti Bandaríkjanna. Styrkleiki hennar felst í meiru en því að vera klókur lögfræðingur. Hún er klók og strategísk manneskja sem skynjar lagalegar og pólískar afleiðingar dóma réttarins. Hún er læs á aðstæður.

Með árunum og reynslunni hefur tónninn í dómum hennar breyst og sératkvæðum fjölgað. Hún hefur leyft sér að mótmæla meðdómendum snyrtilega með því að lesa sératkvæði sín upp- hátt við dómsuppsögu sem hefur ekki verið hefðin. Í því eru sögð felast mótmæli á pari við það að kveikja á brunabjöllu. Hún hefur verið skýr í sínum skrifum. Í dómi um mismunun á vinnustað skrifaði hún að það væri ekkert að ákvörðun meirihlutans annað en að niðurstaðan rímaði ekki við veruleika vinnustaða (the Court's disregard for the realities of the workplace). Stutt en væn sneið um að menn séu bara að klikka á einu atriði: Raunveruleikanum. Það er nú kannski stærsti punkturinn, að lögfræðin rími við raunveruleikann.

Ruth hefur auðvitað líka mætt

gagnrýni, til dæmis fyrir að vera ekki nógu róttæk sem femínisti. Sem lögmaður hafði hún hins vegar skýra sýn um hvaða taktík væri sigurstranglegust til að ná fram breytingum. Strategían var að velja litil mál til að láta reyna á mikilvæg atriði sem hefðu viðtæk áhrif. Hún talar fyrir því að kynna dómstólum eitt skref í einu, þannig verði einn sigur ekki til þess að framkalla bakslag í næsta máli. Það sé hættulegt að biðja dómstól-

inn um að fara ofgeyst, því með því sé hægt að glata því sem þegar hefur áunnist. (Don't ask them to go too far or too fast or you'll lose what you might have won.)

Þessi leikaðferð krefst þess líka að lögfræðin sé læs á að eitt svið réttarins hefur auðvitað auðveldlega haft áhrif á önnur. Nýlega var í fréttum mál kennara sem stefnir Reykjavíkurborg og vill fá uppsögn sína dæmda ógilda. Ástæða starfslokanna var að kennarinn

var orðinn 70 ára. Það vill kennarinn meina að sé ómálefnalegt sjónarmið, að aldurinn einn geri að verkum að hún fái ekki lengur að kenna. Þar blasir kannski líka við spurningin hvort það hefur áhrif á faglegt skólastarf að eldri og reyndari kennarar eigi að hætta störfum bara vegna þess að þeir vakna upp 70 ára einn daginn og hvernig það rímar við veruleika vinnustaðarins sem miðlar einmitt visku. Áhugaverð spurning

og staða sem er líkleg til að hafa áhrif út fyrir þetta eina dómsmál. Þegar ég las þessa frétt varð mér hugsað til uppáhaldsdómarans, hvernig hún myndi teikna upp röksemdirnar kæmi þetta mál inn í hennar dómssal. Í hennar sal gildir þessi regla að visu ekki. Og í hennar sal hefði svona regla leitt til þess að hún hefði ekki dæmt nein mál síðustu 17 árin eða svo. Ruth verður nefnilega 87 ára í mars. Og hún á enn mikið inni.



Nýtt

Óðals ostaídyfa sem talað verður um

Tilvalinn í ostaídyfuna um helgina gottimatinn.is




Tilboð gilda út 26. janúar

Tilboð
479 kr/pk
verð áður
799 kr



Brómber 125 g



FERSKT MEÐ FLUGI

Tilboð
499 kr/pk
verð áður
799 kr



Hindber 170 g

Tilboð
599 kr/pk
verð áður
849 kr



Jarðarber 400 g



Tilboð
899 kr/pk
verð áður
1.199 kr

Bláber 500 g



25%
afsláttur

25% afsláttur af öllum
Jömm sósum



30%
afsláttur

NÝJUNG

30% afsláttur af öllum
Bob's Red Mill vörum



30%
afsláttur

30% afsláttur af öllum
NOW vítamínum



Tilboð
145 kr/stk
verð áður
219 kr

NÝJUNG

Crunchy keto bar



Tilboð
83 kr/stk*

Kristall mexican lime og
án bragðefna 6 x 0,5 ltr

499 kr/pk

*Miðað við að keypt er 6 í pakka



Tilboð
195 kr/stk
verð áður
299 kr

Prótein pönnukökur
frá NÄNO, 4 tegundir

Meira fyrir bóndann



Franskar andabringur
2 stk í pakka

1.999 kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg



Laxa- og bleikjuflök

2.249 kr/kg
Verð áður 2.998 kr/kg



Smash Style hamborgarar
2 x 120 g

509 kr/pk
Verð áður 599 kr/pk



Nauta T-bone steik

4.499 kr/kg

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

SPORT



87,5% Hornamaðurinn Arnór Þór Gunnarsson var með bestu skotnýtingu Íslands á mótinu af þeim leikmönnum sem tóku fimm skot eða meira. Arnór nýtti sjö af átta skotum sínum en átti erfitt uppdráttar á vitalínunni þar sem hann nýtti aðeins fimm víti af tíu.

719 Síðasta mark Alexanders gegn Svíum var hans 719. fyrir karlalandsliðið í handbolta. Á Evrópumótinu varð hann níundi maðurinn sem nær meira en sjö hundruð mörkum fyrir landsliðið og skaust upp fyrir Júlíus Jónasson. Alexander vantar sautján mörk til að ná Sigurði Val Sveinssyni í 7. sæti og 54 mörk til að ná Róberti Gunnarssyni í 6. sæti á markalista landsliðsins.

Mörk Íslands

Alls komust fjórtán leikmenn íslenska liðsins á blað á Evrópumótinu í Svíþjóð.

Alexander Petersson	23
Aron Pálmarsson	23
Bjarki Már Elísson	23
Janus Daði Smáráson	19
Guðjón Valur Sigurðsson	18
Kári Kristján Kristjánsson	15
Sigvaldi Björn Guðjónsson	15
Ólafur Andrés Guðmundsson	13
Viggó Kristjánsson	13
Arnór Þór Gunnarsson	12
Elvar Örn Jónsson	6
Haukur Prastarson	6
Ýmir Örn Gíslason	4
Sveinn Jóhannsson	1

19 Besta frammistaða Íslendinga í sóknarleik á mótinu kom strax í fyrsta leik þegar Aron kom að nítján mörkum í sigri á Dönum.

26 Íslenska liðið krækti í 26 vítaköst á mótinu, flest fengu þeir Kári Kristján og Alexander, fimm víti hvor.

Vítaskyttur Íslands á EM

Bjarki Már Elísson	10/12	83,3%
Arnór Þór Gunnarsson	5/10	50%
Sigvaldi B. Guðjónsson	3/4	75%
Viggó Kristjánsson	0/1	0%



Björgvin Páll Guðavíðsson
Varði 45 skot af 168 (26,8%) á mótinu. Varði engin víti af fimm.



Alexander Petersson er orðinn áttundi markahæsti leikmaður landsliðsins frá upphafi. FRÉTTABLAÐID/AFP

Aron kom að tæplega þriðja hverju marki

Þegar rýnt er í tölfræðina kemur í ljós að Hafnfirðingurinn Aron Pálmarsson kom að tæplega þriðjungi marka landsliðsins á Evrópumótinu í handbolta. Þá nýtti Bjarki Már tækifærið vel þegar hann fékk tækifærið á Evrópumóti.

HANDBOLTI Nú þegar Ísland hefur lokið þátttöku í Evrópumótinu í handbolta er hægt að líta yfir farinn veg og sjá hvaða leikmenn sköruðu fram úr í vörn, sókn og markvörslu íslenska liðsins í Svíþjóð. Íslenska liðið vann þrjá leiki af sjö en tapaði fjórum af síðustu fimm leikjunum

í Svíþjóð sem skilaði Strákunum okkar ellefta sæti.

Hið nýja miðvarðapar Strákanna okkar, skipað þeim Elvari Erni og Ými Erni, stóð vakt sína vel í frumraun sinni og má búast við því að parið verji mark Íslands næstu árin á stórmótum.

Aron Pálmarsson kom að flestum mörkum landsliðsins á meðan Viktor Gísli Hallgrímsson var með bestu tölfræðina í marki Íslands. Tölfræðin sem tekin er saman hér er byggð á upplýsingum frá tölfræðiveitunni HBStatz.

kristinnpall@frettabladid.is



7 Sjörður leikmenn í leikmannahópi Íslands brutu ísinn í lokakeppni Evrópumótsins í handbolta á þessu móti. Bjarki Már, Elvar Örn, Haukur, Sigvaldi Björn, Sveinn, Viggó og Ýmir Örn sköruðu fyrstu mörk sín í lokakeppni EM á þessu ári.

2 Aron og Alexander urðu á þessu móti fimmtu og sjöttu leikmenn landsliðsins sem komast yfir hundruð marka múrinn í lokakeppni EM. Aðeins Guðjón Valur (288), Ólafur Stefánsson (184) og Snorri Steinn Guðjónsson (143) hafa skorað fleiri mörk á EM en Aron (111) og Alexander (107) sem tóku fram úr Róberti Gunnarssyni (106).

Brottvísanir

Alls fékk íslenska liðið 24 brottvísanir á mótinu sem dreifðust á níu leikmenn. Flestar fengu þeir Elvar Örn (7) og Ýmir Örn (5) sem mynduðu miðvarðapar Íslands lengst af á mótinu.

229 Björgvin Páll varð næst leikjahæsti markmaður Íslands frá upphafi á mótinu og hefur hann nú leikið 229 leiki fyrir landsliðið. Björgvin tók fram úr Einari Erni Þorvarðarsyni sem lék á sínum tíma 227 leiki en á langt í land með að ná Guðmundi Hrafnkelssyni sem lék 407 leiki.

Stoðsendingar

Aron Pálmarsson fór fyrir liðinu í stoðsendingum með 32 stoðsendingar á liðsfélaga sína. Næstur kom Alexander með þrettán stoðsendingar.

24 Ísland fékk 24 vítaköst dæmd á sig á mótinu. Elvar Örn fékk flest víti dæmd á sig, fimm talsins.

56 Aron kom að 56 af 191 marki Íslands á mótinu með marki eða stoðsendingu (29,3%).



Viktor Gísli Hallgrímsson
Varði 26 skot af 94 (27,6%) á mótinu. Varði átta víti af sautján (47%).



FÖSTUDAGUR 24. JANÚAR 2020

Lífsstíll



Á fleygiferð um fjöll og firnindi

Halla Jónsdóttir og Franz Friðriksson njóta sín út í ystu æsar við krefjandi aðstæður. Meðal þess sem þetta öfluga par stundar af krafti eru fjallaskíði og fjallahjólreiðar ásamt því að hafa sinnt hjálpar- og sjálfbóðaliðastarfi. ➔2

Þau Halla Jónsdóttir og Franz Friðriksson stunda mikla hreyfingu og útivist allt árið um kring. Um þessar mundir er það fjallaskíðamennskan sem á hug þeirra og hjörtu. Þau vita fátt betra en eftirvæntinguna sem fylgir því að takast á við nýjar áskoranir og ævintýri saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Rafael pulla 84x55 cm kr. 34.400
NÚ KR. 24.080

-30%

JANÚARÚTSALA

10 - 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

-40%



Vasi kr. 4.650 NÚ KR. 2.790 Vasi kr. 4.300 NÚ KR. 2.580 Vasi kr. 5.600 NÚ KR. 3.360



Smile Button 217 cm kr. 198.700
NÚ KR. 158.960

-20%



Balanced spegill 47cm kr. 14.900
NÚ KR. 11.920

-20%



ALLIR PÚÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR

-40%



Unique vasi kr. 7.600
NÚ KR. 4.560



Dagmar stóll kr. 72.700
NÚ KR. 54.525

-25%

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Framhald af forsiðu ➔

Hjördís Erna

Þorgeirsdóttir

hjordiserna@frettabladid.is



Úthverfamamma sem hefur unun af því að njóta alls þess sem náttúra Íslands hefur upp á að bjóða í gegnum útivist og hreyfingu. Allt árið stunda ég fjalla- og malarhjólreiðar og á veturna nærir fjallaskíðamennskan ævintýraþrána.“ svarar Halla þegar hún er beðin um að lýsa sér í stuttu máli.

„Fjallaskíðari, fjallahjólari, fjöl-skyldumaður, línumaður og Land Rover eigandi,“ svarar Franz.

Síðbúin en áköf ástríða

„Örlaganornirnar leiddu okkur saman í gegnum útivist og ævintýraþrá.“ Það stendur ekki á svörum þegar Franz er spurður að því hvort hann hafi alla tíð verið mikill útivistarmaður en ljóst er að kynni hans við Höllu hafa umturnað lífi hans. „Aðallega eftir að ég varð svo heppinn að kynnst dís drauma minna! Við erum svo heppin að hafa brennandi áhuga á útivist, leik og ævintýramennsku í gegnum útivist. Að mínu mati eykur það lífsgæðin að lifa með sömu áherslu í lífinu.“

Þá segir Halla að hún hafi ekki stundað íþróttir á sinum yngri árum. „Sem barn og unglingur fann ég ekki íþróttagrein sem höfðaði til mín og því voru skóla-íþróttirnar einu íþróttirnar sem ég „stundaði“. Það var ekki fyrir en ég er að verða tvítug sem ég finnst mitt áhugasvið í reglulegri hreyfingu úti í náttúrunni og síðan um þrí-tugt sem ég byrja að stunda reglulegar hjólreiðaæfingar allt árið.“

Innblástur sækja þau víða og nefnir Franz í því samhengi samstarfsfélaga sína. „Ég er einnig svo heppinn að starfa með mestu nöglum og heljarmönnum landsins sem línumaður hjá Landsneti þar sem grjóthörðustu iðnaðarmenn landsins vinna. Þar er ég mikið úti og tekst oft á tíðum við mikil óveður eins og hafa gengið yfir landið síðustu vikur.“

Náttúruunnendur alla tíð

Halla segir náttúruna löngum hafa heillað. „Náttúran og fjöllin hafa alltaf kallað á mig og mér finnst mikilvægt að geta haft stóran hluta af minni hreyfingu úti, því það endurnærir mig svo miklu meira en æfingar og hreyfing innanhúss. Ég er svo heppin að hafa útivistina í blóðinu þar sem foreldrar mínir eru útivistarfólk og náttúruunnendur og ég ólst upp við alls konar skemmtilegar fjallaferðir og ferðalög um Ísland.“

Franz tekur undir þau orð. „Ég var líka heppinn að fá að alast upp

sem Eyjapeyi í Vestmannaeyjum. Þar kviknaði strax mikil ævintýraþrá, enda mikil forréttindi að ganga laus alla æskuna upp um fjöll og fjörur úti í náttúruparadísinni sem þar er. Útivistarþráin minnkaði eftir að ég flutti í borg óttans sem unglingur, en sem betur fer tók hún sig upp aftur með endurnýjuðum kynnum við gamla og góða vini.“

Hjálparstarf og hugdirfska

Bæði Halla og Franz hafa sinnt sjálfbodaliða- og björgunarstarfi sem þau segja hafa orðið kveikju að enn frekari útivistarástríðu. „Það er um 17 ára aldur sem ég fer með vinum mínum á nýliða-kynningu hjá Hjálparsveit skáta í Kópavogi og byrja þá að starfa með björgunarsveit. Meðfram því starfi fer ég meira að hugsa um reglulega hreyfingu og byrja að stunda fjallgöngur og vetrarferðamennsku af krafti. Það er ótrúlega mikill lærdómur og góður grunnur fyrir fólk sem vill njóta útivistar úti í náttúrunni allt árið að klára nýliðaþrógramm hjá björgunarsveit og mjög gefandi að geta gefið af sér á móti með sjálfbodavinnu fyrir sveitina í formi alls konar verkefna,“ segir Halla.

Franz hefur svipaða sögu að segja. „Það má segja að hún hafi farið á fullt þegar ég tók nýliðaþrógramm hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík. Þar varð ég ástfanginn af landinu okkar og komst í kynni við að kljást við erfiðar aðstæður og lærði að njóta þessa frábæra leiksvæðis sem við eigum á Íslandi. En það eru margar hættur sem vert er að varast og bera virðingu fyrir.“

Hann segir þessi reynslu afar dýrmæta og telur að nám af þessu tagi ætti að vera sýnilegra. „Í nýliðaþrógramminu fékk ég mjög góðan grunn sem ég byggi á í dag og notast við í mínum ævintýrum. Að mínu mati er þetta einn sá besti skóli sem hægt er að fá, ef menn hafa áhuga á því að leggja land undir fót og vera úti í þessari náttúruparadís. Að mínu mati ættu að vera svipaðir áfangar í skóla sem fólk gæti tekið og valið svo um að ganga í björgunarsveit þegar þeim væri lokið.“

Ávinningurinn yrði umtalsverður. „Ég tel að þetta myndi opna augu fólks fyrir því hvað náttúran sem við höfum hér á Íslandi hefur upp á ótrúlega mikið að bjóða. Þetta væri eins og að hafa herskyldu, nema ekki her og ekki heldur skyldu, heldur opið þeim sem hafa ævintýraþrá og öðlast þannig grunnþekkinguna sem þarf til að bera virðingu fyrir náttúrunni. Svona þekking býr með manni alla ævintýraævina.“

Fjallaskíðamennskan

Eitt af því sem þau Halla og Franz



Halla á leið sinni upp Arnfinnsfjall.



Fjölskyldan saman í skíðaferð í Hlíðarfjalli, í sjöunda himni.



Franz og Halla alsæl á Illviðris-hnjúk fyrir ofan Siglufjörð með Fljótin í baksýn.

eiga sameiginlegt er dálæti þeirra á fjallaskíðamennsku. „Fyrstu „fjallaskíðin“ keypti ég mér áður en ég fór 19 ára gömul til Austurríkis til að vinna yfir veturinn á skíðasvæði, eftir að hafa klárað menntaskólann. Þetta voru Telemarkskiði, en Ragna vinkona mín hafði nýlega fengið sér svona skíði. Við höfðum báðar verið á skíðum frá því að við vorum litlar og þetta var því eitthvað nýtt og líka spennandi áskorun. Við notuðum því veturinn í Austurríki vel til þess að æfa Telemarksveifluna,“ skýrir Halla frá.

„Skíðin fengu svo að víkja fyrir snjóbretti sem var stundað í nokkur ár og þessi mikli áhugi á fjallaskíðum kviknaði ekki af alvöru fyrr en nokkrum árum seinna, þegar löngunin til að ganga upp fjöll á skíðum og hafa möguleikann á að skíða niður varð sterkari. Þá ég fékk ég mér góð fjallaskíði sem voru ætluð til skíðunar í lausum snjó og hef ekki snúið til baka á einskíðið síðan.“

Áhuga Franz má rekja enn lengra aftur í tímann. „Sem Eyjapeyi ólst ég upp við að nota svört plastbretti niðri á Stakkó. Þau voru með gúmmíteygjum sem maður tosaði yfir skóna sína. Að visu er ég undan Leifs-systkinum frá Akureyri sem er mikil skíðafjölskylda, Íslandsmeistarar og Ólympíufarar. Það má því segja að það sé mér í blóð borið að vera á skíðum, þó að ég hafi byrjað frekar seint. Ég var orðinn 26 ára þegar ég fór í fyrstu fjallaskíðaferðina með Ottó frænda á Skálafell.“

Óviðjafnanleg tilfinning

Franz segir fátt jafnast á við fjallaskíðamennskuna og að Ísland sé kjörið fyrir iðkun af þessu tagi.

Við erum svo heppin að hafa brennandi áhuga á útivist, leik og ævintýramennsku í gegnum útivist. Að mínu mati eykur það lífsgæðin að lifa með sömu áherslu í lífinu.

„Æ fleiri eru að uppgötva þessa lífsgæðaparadís sem fjallaskíðamennska er og góð skíðalína getur verið sterkasta gleðivíma sem þú færð. Ég get upplifað fíðinginn í maganum árum síðar, bara með því að tala um hana við vini sem tóku línuna með mér. Hér heima höfum við svo mikla möguleika á að nýta allt sem landið okkar hefur upp á að bjóða í fjallaskíðamennsku.“

Mikil tilhlökkun fylgi iðkuninni. „Fjallaskíðin næra algjörlega fjallaþrána yfir vetrartímann. Í myrkasta skammdeginu, kulda og óveðri þá er bara svo ótrúlega gaman að hafa alltaf eitthvert „ævintýri“ að stefna að og njóta þess að stunda útivist að vetri í góðum vinahópi,“ segir Halla og bendir á að árstíðirnar bjóði upp á kærkomna fjölbreytni. „Fjallaskíðavertíðin hefst yfirleitt um leið og nægur snjór er kominn í fjöllin, sem er breytilegt milli árstíða, og nær svo fram á vorið þegar fjalla-, malar- og götuhjólreiðarnar taka yfirleitt alveg við hjá mér. Það er svo magnað að hlakka alltaf til næsta vetrar þegar margir biða alltaf bara eftir næsta sumri. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir mig að hafa fjölbreytni í þeirri hreyfingu

sem ég stunda auk þess að komast út að hreyfa mig og það hjálpar mikið að geta gengið að skemmtilegu vetrarsporti, skíði, fjallaskíði og gönguskíði.“

Franz lætur veðrið ekki heldur stöðva sig. „Það koma nýjar áherslur þegar það kemur nýtt undirlag úti. Ég nota bara þau leiktæki sem henta því sem er í boði akkúrat á þeirri stundu. Fjallaskíðavertíðin stendur hæst í mars, apríl og maí en hægt er að skíða alla mánuði ársins. Það þarf bara að hafa aðeins meira fyrir því að finna línurnar.“

Fjölskylduferðalögin gefandi

Þau segja fjölskyldulífið fléttast vel saman við útivistarástríðuna. „Það er mjög gefandi að kynna útivist og ferðalög fyrir börnunum sínum og leyfa þeim að njóta náttúrunnar á sínum forsendum. Lykillinn er að búa til ævintýri og hafa gaman. Leyfa þeim svoltið að stjórna ferðinni og hætta eða taka pásur áður en allir verða of þreyttir og pirraðir. Þau þurfa oft hvatningu til þess að komast af stað en þegar út er komið er alltaf jafn gaman.“

Hugmyndir Höllu og Franz um slökun koma kannski ekki á óvart. „Það er ekkert eins slakandi og endurnærandi fyrir hugann en að standa frammi á brún fjallsins eftir góða göngu og það eina sem kemst að í huganum er tilhlökkunin fyrir niðurleiðinni,“ segir Franz og Halla tekur undir. „Að hjóla, skíða og ferðast eru okkar ær og kýr og við komum endurnærð og full af súrefni og orku til baka, tilbúin til að takast á við komandi viku.“

Það er ekki úr vegi að spyrja hvort þau hafi einhverja veikleika. „Franz á erfitt með að setja á rétt þrógramm á þvottavélinni og Halla er lélegur kokkur!“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Torg ehf Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,



ÁLFABORG
- allt á gólföld

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

GÓLFEFNA

ÚTSALA
30–70% AFSLÁTTUR
ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM,
HARÐPARKETI O.FL.

Hef gaman af flóknum verkefnum

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir var heiðruð af FKA í gær. Hún er mjög árangursdrifin, en leggur um leið áherslu á að byggja upp góðan, skemmtilegan og sanngjarnan vinnustað fyrir alla.

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi, var heiðruð á árlegri Viðurkenningarhátíð Félags kvenna í atvinnulífinu í gær fyrir að hafa verið öðrum konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd. Guðbjörg er menntuð sem iðnaðarverkfræðingur og hefur starfað hjá Marel í átta ár.

„Tíminn hjá Marel hefur verið ótrúlega skemmtilegur, Marel er stórt fyrirtæki og þar leggur fullt af fólki hönd á plóg svo vel megi ganga. Ég er að gera það sama,“ segir Guðbjörg. „Ég er mjög árangursdrifin, því það er okkar allra vilji að nýta þekkingu til framfara. Mér finnst mikilvægt að þora að taka ákvarðanir og keyra hlutina áfram, það gengur alltaf þegar við náum að tala saman, sýnum sanngirni og hlustum á hvert annað.

„Það er aldrei í boði að gefast upp þó að lausnin sé stundum ekki alveg í sjónmáli,“ segir Guðbjörg. „Þegar öll sund virðast lokuð þarf maður að þroskast og nýta sköpunarkrafta til að komast áfram.“

Góðar vörur og góður vinnustaður

Guðbjörg hefur sinnt mörgum stórum verkefnum undanfarið ár. „Á síðasta ári náðum við



Guðbjörg segir viðurkenninguna hafa komið skemmtilega á óvart og að það sé frábært að fá viðurkenningu fyrir eitthvað sem maður hefur ástríðu fyrir.

mörgum mikilvægum áföngum í að gera vinnustaðinn okkar betri. Við förum í gegnum jafnlaunavottun, innleiddum ný fjármála- og starfsmannakerfi, unnum að því að stytta vinnuvikuna og förum líka í að innleiða stefnu um

margbreytileika og fjölbreytni. Þá kynnti Marel einnig til leiks 30 nýjar lausnir sem munu tryggja að matvæli verði framleidd á öruggari og sjálfbærari hátt um allan heim,“ segir Guðbjörg. „Það eru ótrúlega spennandi hlutir að gerast í

vörubrúun og við erum til dæmis að stíga stór skref í mikilvægum stafrænum verkefnum sem verða kynnt á þessu ári. Þá náðum við einnig stórum áfanga á árinu þegar Marel var skráð í kauphöllina í Amsterdam, sem styður við langtímaáform félagsins um vöxt og virðisaukningu. Við erum líka að straumlínulaga ferla svo hlutirnir gangi greiðlega fyrir sig innanhúss.

Fram undan er svo að halda áfram að búa til stafrænar lausnir og sjálfvirknivæða, en það felast mörg tækifæri í að búa til nýjar vörur með allar þessar tækninýjungar sem eru að ryðja sér til rúms,“ segir Guðbjörg. „Við ætlum líka að halda áfram að dýpka samtalið um hvernig maður býr til góðan vinnustað, þannig að við getum bæði haldið áfram að búa til góðar vörur og tryggja að starfsfólkinu okkar líði vel í vinnunni og nái að fullnýta sína hæfileika.“

Ástríða fyrir jafnréttismálum

„Það er gaman að hafa fengið þessa viðurkenningu frá FKA og hún kom skemmtilega á óvart,“ segir Guðbjörg. „Ég hef áhuga á jafnréttismálum og á að búa til góðan vinnustað og hef lagt mig fram við að bæði tala fyrir jafnrétti og sýna

jafnrétti í verki í mínum störfum. Það er frábært að fá viðurkenningu fyrir eitthvað sem maður hefur ástríðu fyrir.

Þó að við sjáum menningarbreytingar og aukið jafnvægi í samfélaginu er enn umbóta þörf, eins og sést á því að um helmingurinn affyrirtækjum sem áttu að vera komin með jafnlaunavottun í lok árs 2019 er ekki búinn að klára það verkefni,“ segir Guðbjörg. „Ef jafnrétti þýðir meðal annars meiri valddreifing þá er það ekki alveg að eiga sér stað. Eins og sést á framkvæmdastjórnun og forstjórástólum fyrirtækja þá stjórna konur ekki jafn miklu og eru ekki með jöfn laun á við karla. Þær konur sem komu á undan okkur lögðu hart að sér til að tryggja aukið jafnrétti og við þurfum að halda vinnunni áfram.

Nú er mikið talað um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð og þetta felur í sér tækifæri. Við konur ættum að skoða þetta mjög vel, ég held að þarna sé fullt af tækifærum fyrir okkur,“ segir Guðbjörg.

En það er líka annað sem þarf að hafa í huga í öllum verkefnum sem maður vasast í, það á alltaf að hafa það sem skemmtilegra reynist. Það má aldrei gleyma því að hafa gaman,“ segir Guðbjörg að lokum.



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir vonar að verðlaunin verði hvatning til annarra kvenna sem sitja með hugmynd í maganum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vill bæta aðgengi að sérfræðiaðstoð fyrir alla

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir stofnandi Kara Connect hlaut í gær hvatningarverðlaun FKA. Kara Connect er vefhugbúnaður fyrir sérfræðinga af ýmsu tagi eins og félagsráðgjafa, sálfræðinga og næringarfræðinga. Ásamt fjölmörgu öðru er í honum öruggur fjarbúnaður svo hægt er að ná í fólk óháð staðsetningu og vinna saman í teymi á mismunandi stöðum.

Þorbjörg segir að tilgangur hugbúnaðarins sé að bæta aðgengi að sérfræðihjálp. „Markmiðið er líka að hagræða og auka afköst þeirra sem bjóða hjálp og stuðning. Oft eru sérfræðingar undir miklu álagi og mikill tími sem fer í aukaverkefni önnur en að hjálpa fólki,“ útskýrir hún.

Hugbúnaðurinn er aðgengilegur í vefvafra og er í raun bara hnappur á vefsíðu sérfræðinganna sem nýta sér hann. Kara Connect sér um alla bakvinnslu. Hugbúnaðurinn er mjög öruggur og passað er vel upp á persónuvernd í samstarfi við Landlækni. „Nú eru næstum 800 sérfræðingar að nota Köru. Aðallega hér á landi en við erum að byrja að selja í Danmörku og við erum

kominn með nokkra kúnna þar. Hugmyndin er að byggja Köru Connect upp svo að hver sem er, hvar sem er í heiminum, geti nýtt hugbúnaðinn fyrir sitt fyrirtæki óháð þeirri tegund af þjónustu sem þeir bjóða.“

Hugmyndin að Köru varð til þegar Þorbjörg var borgarfulltrúi í Reykjavík og tók eftir því að sérfræðipjónusta sem börn áttu rétt á komst oft illa til skila. Þegar Þorbjörg hætti í stjórnmalum stofnaði hún fyrirtækið Trappa ásamt Tinnu Sigurðardóttur til að bæta aðgengi að talþjálfun. Upp úr Tröppu varð Kara Connect til en þar starfa nú níu manns.

Þorbjörg segir að hvatningarverðlaunin séu mikil viðurkenning fyrir allt teymið. „Þau hafa unnið nótt og dag og stefna öll að sama markmiði, að hjálpa kerfunum að gera betur og bæta aðgengi að hjálp. Ég spái því að tími kvenfrumkvöðla sé kominn. Stafræn þróun þarf að eiga sér stað í þeim geirum þar sem konur eru sterkar eins og í mennta- og velferðar- og heilsugeiranum. Ég vona að viðurkenningin til okkar sé hvatning til annarra kvenna sem sitja með einhverja hugmynd í maganum.“

Góð tilfinning að finna starf sitt metið

Anna Stefánsdóttir hlýtur þakkarviðurkenningu FKA fyrir eftirtektarvert ævistarf sem stjórnandi í atvinnulífinu.

Viðurkenningin yljár mér. Hún er mikils virði fyrir mig og ævistarf mitt innan heilbrigðisþjónustunnar. Ég er þakklát og stolt af því að hljóta hana fyrir starf sem tók mikinn tíma og líka full þakklætis fyrir það góða fólk sem vann með mér á Landspítalanum og gaf mér tækifæri til að vaxa og þroskast; samstarfsfólk og stjórnendur sem sáu tækifæri í því að taka mig í verkefnið,“ segir Anna sem hóf störf sem gjörgæsluhjúkrunarfræðingur á Landspítalanum árið 1975.

„Mér er mjög hlýtt til Landspítalans og í öll þessi ár var ég vakinn og sofin yfir starfi mínu. Þar var gott að vinna og í minningunni fór ég glöð til vinnu á hverjum degi. Sem hjúkrunarfræðingur fann ég fljótt að ég vildi hafa áhrif á hvernig hjúkrunarstarfið þróaðist á Landspítala og sóttist eftir því að stjórna gjörgæsludeildinni þegar það starf losnaði 1980. Þar missti ég aldrei sjónar á því hvernig hjúkrun og umönnun við sjúklinga yrði betri og þar tala verk mín enn á spítalanum,“ upplýsir Anna sem eftir meistaranám í hjúkrunarstjórnun við Edinborgarháskóla árið 1988 tók við sem framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum til ársins 2012.

„Það er ákaflega gefandi að starfa við hjúkrun og maður nær miklum árangri í því starfi. Í hjúkrun sér maður fólk á öllum stigum lífsins. Einstaklingar sem njóta hjúkrunar eru veikir og við erum þar til að hjálpa fólki að ná tökum á lífinu aftur. Nú gengur illa að manna störf hjúkrunar-



Anna Stefánsdóttir er stolt af viðurkenningu FKA. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

fræðinga á Landspítalanum en að mínu mati er það vegna þess að Landspítalinn er rekin í gömlu og úreltu húsnæði sem hentar ekki kröfum nútímans. Það hefur áhrif á nýliðun í stéttinni og liðan okkar í vinnunni. Þá þarf að tala þetta góða og skemmtilega starf upp en ekki niður eins og svo oft er gert í neikvæðri þjóðfélagsumræðu,“ segir Anna sem nú er starfandi forstjóri á Reykjalundi.

„Ég er langt í frá sest í helgan stein og vinn enn fullan vinnudag ásamt því að vera virk í félagsmálum. Þar er ég í forsvari fyrir Rótaryumdæmið á Íslandi, samtökin Spítalann okkar og í starfsstjórn Reykjalundar. Á Reykjalundi nýttist reynsla mín

sem stjórnandi mjög vel og þar eru ýmis tækifæri til að byggja upp sérþekkingu innan hjúkrunar eins og ég hef innleitt og sést í verki á Landspítalanum,“ segir Anna.

Hún er með skilaboð til kvenna í atvinnulífinu.

„Til að geta haft áhrif eins og konur vilja er mikilvægt að missa aldrei sjónar á markmiðum okkar né tilganginum með því að fara í vinnuna á degi hverjum. Að vita hverju við ætlum að ná fram með starfi okkar og hvert við stefnum. Þá skiptir ofsalega miklu að finna gleðina í starfinu,“ segir Anna sem lítur sannarlega sátta um öxl.

„Það er góð tilfinning að skilja mikið eftir sig og finna að það sé mikils metið.“

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA
BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka

Aukahlutir í bíla



KONI

Demparar
- Styrkur
- Ending

Fyrir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur



AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningapjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili,
húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna.

Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., píanófl. o.fl.

Extra stór bill. Búslóðalyfta.

Flutningaþj. Mikael S. 894 4560
www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu



Snjóflóðavesti
BCA vesti með Float 2.0
blöðru og 20 lítra bakpoka
skóflufestingu og vasa.
Verð 99.990,-
án lofthylkis



NITRO
Nitro - Úrðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Óskast keypt

**STADGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt
27, 105**

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 -
1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI
Í REYKJAVÍK**

285 fm bíl með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í
s. 661 7000

**TIL LEIGU FALLEG OG
SJARMERANDI ÍBÚÐ Í RVK.**

Falleg og sjarmerandi 55 fm íbúð
við Bræðraborgarstig 49 í Rvk. Eitt
svefnherbergi og sameiginlegt
þvottahús í kjallara. Aðeins
fjórar íbúðir í stigagangi. Aðeins
reyklausr aðilar koma til greina.
Gæluðyr ekki leyfð.

Langtímaleiga í boði, en
lágmarksleigutími 12 mánuðir.
Leiguverð: 185 þús. Hafa
samband: godi@northwear.is

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABÍL.

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bíl.
Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.
Lager eða geymsla.
Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



**Sérfræðingar í
ráðningum**

Ánægðir viðskiptavinir
eru okkar besta auglýsing



FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is



TRAP

Spilar fyrir dansi
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

SÍMI 554 2166 • HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR



VERSLUNIN LOKAR!

Síðasta vikan - frábær tilboð

Verðdæmi:

Golfbolir verð frá kr. 1.990

Vatnaboltar m/12 kr. 990

Golfskór frá kr. 3.990

Regnjakkar frá kr. 7.950

Regnbuxur frá kr. 4.990

Afsláttardæmi:

Golfsett 30-70% afsláttur

Fatnaður 50-70% afsláttur

Golfpokar 30-50% afsláttur

Standpokar 50 % afsláttur

Golfskór 50-70% afsláttur

Golfkúlur 30 - 50% afsláttur



Golfbrautin
GOLFVERSLUN

Ármúla 40 • Sími 553 9800 • www.golfbrautin.is

TÍMAMÓT



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Valmundsson

húsasmiðameistari og brúarsmiður,
Austurvegi 4, Vík í Mýrdal,

lést sunnudaginn 19. janúar á
hjúkrunarheimilinu Hjallatúni í Vík í Mýrdal.
Útför Jóns fer fram frá Víkurkirkju, laugardaginn 1. febrúar
næstkomandi, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er
bent á hjúkrunarheimilið Hjallatún.

Steinunn Pálsdóttir

Steinunn Jónsdóttir
Guðrún B. Jónsdóttir

Ingólfur Hjörleifsson
Sigurbjörn Hjaltason

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma okkar,
systir og mágkona,

Kolbrún Jónsdóttir

frá Reykholti,

lést á líknardeild Landspítalans, í faðmi
fjölskyldunnar, síðastliðinn miðvikudag.

Haraldur Gunnarsson

Steinþóra Jónsdóttir
Þórir Jónsson
Þorvaldur Jónsson
Eiríkur Jónsson

Valgeir Einarsson Mäntylä
Hulda Olgeirsdóttir
Ólöf Guðmundsdóttir
Björg Bjarnadóttir

og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Kristinsson

lést laugardaginn 18. janúar sl. á
hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útförin auglýst síðar.

Pétur Hrafn Sigurðsson
Guðmundur Ragnar
Sigurðsson Kemp
Sigurður Hrafn Pétursson
Arnar Pétursson
Jóna Þórey Pétursdóttir

Sigrún Jónsdóttir
Gróa María Einarsdóttir
Svanhvít Sigurðardóttir

og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Óskar Álfsson

sem lést þann 13. janúar, verður
jarðsunninn frá Kirkju Óháða
safnaðarins þriðjudaginn
28. janúar klukkan 15.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

Inga Jóhanna Jónsdóttir

Jóhanna Ingunn Jónsdóttir
Axel Þórir Jónsson
Guðrún Lóa Jónsdóttir
Ólafur Ari Jónsson

Minna Hrönn Pétursdóttir
Jónas Vilhelm Magnússon
Svanhildur Kristjónsdóttir

og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Kristjana Jónsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Grund,
áður Eiðismýri 30,

lést 8. janúar. Útför hennar fer fram frá
Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn
30. janúar kl. 13. Þökkum starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu
Grund sérstaklega góða umönnun og hlýhug.

Ólafur Haukur Ólafsson
Valdimar Ólafsson

Elin Arna Arnardóttir Hannam
Margrét Steinunn Bragadóttir
Guðrún Ingimundardóttir
Þórléif Drifa Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Stjórnandinn Guðmundur Óli Gunnarsson og einleikarinn Björgvin Brynjarsson tilbúnir í slaginn í Langholtskirkju.

Gengur best á tónleikum

Áttatíu ungmenni úr fjórum tónlistarskólum stilla saman strengi og halda tónleika í Langholtskirkju á morgun, að loknu þriggja vikna námskeiði í hljómsveitarleik.

Einleikarinn spretthlaupari og efnaverkfræðingur

Björgvin Brynjarsson er fæddur árið 1995. Hann hefur stundað nám við Tónlistarskóla Garðabæjar frá átta ára aldri og alla tíð undir handleiðslu Braga Vilhjálmssonar – til að byrja með á klarínett en svo á saxófón.

Björgvin hefur meðal annars spilað tvisvar í úrslitakeppni Nótunnar, uppskeruhátíðar tónlistarskólanna, og einnig á jólatónleikum með Sinfóníu-hljómsveit Íslands árið 2017, ásamt hópi saxófónnemenda úr sama tónlistarskóla.

Íþróttir hefur Björgvin einnig stundað af kappi og gerði nokkurra

ára hlé á tónlistarnámi til að einbeita sér að spretthlaupum. Á þeim tíma keppti hann fyrir íslenska frjáls-íþróttalandslíðið og setti Íslandsmet. Seinna sama ár spilaði hann á áður-nefndum jólatónleikum Sinfóníunnar og blossaði þá áhuginn á tónlistarnáminu aftur upp.

Samhliða öðrum áhugamálum stundaði Björgvin nám í efnaverkfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með B.Sc.-gráðu síðastliðið vor. Nú einbeir hann sér að tónlistarnáminu og stefnir á útskrift frá Tónlistarskóla Garðabæjar í vor.

Almenna krafan er að þeir hafi lokið miðstiginu. Sumir hafa spilað í hljómsveitum í sínum skólum, aðrir hafa enga hljómsveitarreynslu. Það er ástæða þess að skólarnir tóku sig saman á sínum tíma, þeir vildu gefa sínum nemendum tækifæri til að spila í sinfónískri hljómsveit, hver og einn skóli hefur ekki mannskap í það en saman geta þeir gert það.

Á hverju ári er einn sólóisti, þeir hafa spilað á hin ýmsu instrúment og sungið. Nú er það saxófónleikari og það segir Guðmundur Óli nýlundur. „Það eru ekki margir saxófónkonserter til, svo þeim sem velja það hljóðfæri gefast ekki mörg tækifæri til að spila einleik. Þessi piltur,

Björgvin Brynjarsson, er langt kominn í námi.“

Langholtskirkja hefur lengi verið vettvangur þessara árlegu tónleika. Nú er bryddað upp á þeirri nýbreytni að halda líka skólatónleika. „Sami gallinn hefur ávallt fylgt verkefninu,“ segir Guðmundur Óli. „Ef við teldum saman klukkutímana sem fara í það veit ég ekki alveg hvar við mundum enda. Svo hafa alltaf verið bara einir tónleikar, þá er allt búið. Því er skemmtilegt að gefa krökkunum færi á að spila oftar fyrir áheyrendur, um hálf tíma dagskrá á tvennum tónleikum fyrir grunnskólanemendur nú á föstudagsmorgni.“

gun@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Heiðar Sigurjónsson

Gilstúni 26, Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki 21. janúar sl.
Útför verður frá Sauðárkrókskirkju
föstudaginn 31. janúar kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir
en þeim sem vilja minnast Magnúsar er bent á
Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki.

Guðbrandur Magnússon
Heiðis Lilja Magnúsdóttir
Sigurjón Magnússon

Arndís Steinþórsdóttir
Rúnar Már Smárasón,
Guðrún Bjarney Leifsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og systir,

Málfríður Hadda
Halldórsdóttir

Keldulandi 3,
Reykjavík,

lést þriðjudaginn 21. janúar.
Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Esther G. Högnadóttir
Þórunn Högnadóttir
Aron Högni, Hadda Rakel, Magnea Rut,

Marteinn Karlsson
Brandur Gunnarsson
Tristan Þór,

Birgitta Líf, Birgir Þór, Leah Mist,
Vignir Hrafn og Magnea Rún
Sigurlaug, Guðríður Erla, Kolbrún og Hekla



STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

MARIA BAPTIST

→ **BEINT FRÁ BERLÍN**

23. febrúar

Kl. 20.00

Silfurberg

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



900g

1.398 kr./900 g

ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g, Danmörk



700g

1.198 kr./700 g

Rose Úrbeinuð Kjúklingalæri
Frosin, 700 g, Danmörk

NÝTT Í BÓNUS



298 kr./pk.

Hatting Súrdeigsbollur
Frosnar, 420 g

100%
kjöt



1.998 kr./kg

Bónus 100% Kjúklingabringur
Ferskar, ekkert viðbætt vatn



598 kr./kg

Bónus Kjúklingaleggir
Ferskir

Hollusta

á góðu verði í Bónus



239 kr./1 l

Yosa Hafradrykkur Natural
1 l



198 kr./150 g

Yosa Grísk Hafrajóгурt
2 teg., 150 g



199 kr./45 g

Prótein Pönnukökur
45 g, 2 tegundir



98 kr./35 g

RAW Orkustykki
35 g, 2 tegundir



298 kr./360 ml

Innocent Smoothie
360 ml, 5 tegundir

NÝTT Í BÓNUS



159 kr./stk.

Go On Próteinstykki
50 g, 3 tegundir



459 kr./500 g

Go On Hnetusmjör
500 g, 2 tegundir



Verð gildir til og með 26. janúar eða meðan birgðir endast.

Porraveisla

á góðu verði í Bónus



2.895 kr./1,3 kg

SS Blandaður Súrmatur
1,35 kg



2.598 kr./kg

KF Ný Sviðasulta



795 kr./100 g

Norðanfiskur Hákarl
100 g



3.579 kr./kg

SS Súrir Pungar



2.698 kr./kg

SS Súr Sviðasulta



3.995 kr./kg

ÍL Hangilæri
Soðið, í sneiðum

Soðin
Svið



998 kr./kg

KS Lambasvið
Soðin



259 kr./350 g

Nonni Rófustappa
350 g

Ekki gleyma
Bóndanum



1.595 kr.

Túlípanar
10 stk.

BÓNUS

EKKERT
BRUÐL

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík

0 | 3
°C | ↑

Ísafjörður

-8 | 2
°C | →

Akureyri

-3 | 3
°C | ↗

Egilsstaðir

-3 | 3
°C | ↑

Kirkjubæjarkl

-3 | 5
°C | ↘

Hveravellir

-9 | 6
°C | ↑

Breytileg átt 3-10 m/s fyrir hádegi og úrkomu-litið. Vaxandi austanátt og þykkar upp síðdegis, fyrst syðst. Austan 13-18 m/s og dálítil snjó-koma um sunnanvert landið í kvöld. Frost 1 til 7 stig, en frostlaust með suðurströndinni.

Laugardagur

Reykjavík

3 | 9
°C | ↗

Ísafjörður

-3 | 17
°C | ↗

Akureyri

-1 | 1
°C | ↑

Egilsstaðir

0 | 9
°C | ↓

Kirkjubæjarkl

3 | 6
°C | ↘

Hveravellir

-4 | 9
°C | ↘

Sunnudagur

Reykjavík

-1 | 4
°C | ↗

Ísafjörður

-3 | 2
°C | ↗

Akureyri

-6 | 1
°C | ↑

Egilsstaðir

-1 | 1
°C | ↗

Kirkjubæjarkl

-1 | 2
°C | ↘

Hveravellir

-5 | 4
°C | ↑

LÉTT

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

MIDLUNGS

	2				8	3	6	
				3		9		7
1			9	2				
7				6		8		
		8	4				7	
6	1			8			3	5
						6	4	
5		3					8	9
4			3					

PUNG

			4	8				3	7
								4	2
	9							5	
					1	9	7		3
	7		4				6		
3	4	1		6	2				
	2			5					
	1	9		7			6	8	
7		3							

Krossgáta

- LÁRÉTT**

 - hégómi
 - seinka
 - úr hófi
 - safnbrunnur
 - utan
 - hyggindi
 - sigta
 - ánægja
 - tortryggja
 - blaður
- LÓÐRÉTT**

 - peyi
 - gastegund
 - tiðum
 - flutt
 - traðk
 - klemma
 - kjaft
 - oddi
 - í röð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. snobbi, 5. tef, 6. of, 8. rofþró, 10. an, 11. vít, 12. miða, 13. unun, 15. rengrja, 17. snakk. LÓÐRÉTT: 1. strákun, 2. neoni, 3. of, 4. borði, 7. fótatak, 9. þvingun, 12. munni, 14. nes, 16. jlk.

Skák Gunnar Björnsson

Nikolov átti leik gegn Slavtshev árið 1963.

- Hf8+! Hxf8 2. Dg8+! Hxg8 3. Rf7# 1-0. Sigurbjörn Björnsson er efstur á Skákþingi Reykjavíkur með fullt hús eftir 6 umferðir. Það var jafnt í heimsmeistaraeinvigi kvenna á milli Aleksöndru Gorycahkinu og Wenjun Ju og tefla þær til þrautar í dag með styttri umhugsunartíma.

www.skak.is: Skákdagur Íslands á sunnudag!

Hvítur á leik



5	8	1	7	4	2	6	9	3
9	2	4	8	6	3	5	1	7
3	6	7	5	9	1	2	8	4
1	4	8	9	2	7	3	5	6
2	5	6	3	8	4	1	7	9
7	3	9	1	5	6	4	2	8
4	9	2	6	1	8	7	3	5
6	7	5	2	3	9	8	4	1
8	1	3	4	7	5	9	6	2

6	8	3	4	9	2	1	7	5
9	4	5	1	8	7	2	3	6
2	7	1	6	5	3	4	8	9
7	9	4	2	6	5	3	1	8
3	6	8	7	1	9	5	2	4
1	5	2	8	3	4	9	6	7
4	1	9	3	7	8	6	5	2
5	3	7	9	2	6	8	4	1
8	2	6	5	4	1	7	9	3

6	8	5	2	9	1	7	4	3
9	1	7	3	4	8	6	2	5
2	3	4	5	7	6	8	9	1
3	9	2	6	8	4	5	1	7
1	5	6	7	2	3	9	8	4
4	7	8	9	1	5	2	3	6
5	4	3	8	6	2	1	7	9
7	2	1	4	5	9	3	6	8
8	6	9	1	3	7	4	5	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Úr bankanum í kirkjugarðinn

Brynja Gunnarsdóttir sagði upp starfi sínu í bankageiranum án þess að vita næstu skref. Þá grundaði hana ekki að þau yrðu inn í útfararþjónustu.



Tonn af gervihári

„Mig langaði að baða fólk í fegurð, gefa því fri og frið frá umheiminum,“ segir listakonan **Hrafnhildur Shoplifter** um verkið Chromo Sapiens.



Hefur aldrei lagt niður vopnin

Kristin Ýr Gunnarsdóttir ætlar að hlaupa 100 kílómetra í febrúar og safna þannig stuðningi fyrir Einstök börn. Sjálf er hún móðir stúlku með sjaldgæfan sjúkdóm.



Stjarnan sem varð stjörnuvitlaus

Antonio Brown var handtekinn fyrir líkamsárás fyrr í vikunni og virðist ferillinn vera á hraðferð í holræsið.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi



Yrsa Sigurðardóttir er mikill kvikmyndaunnandi. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Glæpasagnadrottning á franskri kvikmyndahátíð

Yrsa Sigurðardóttir verður kynnr á glæpakvöldi í Bíói Paradís. Tvær klassískar franskar kvikmyndir um glæpi verða sýndar.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Glæpasagnadrottningin Yrsa Sigurðardóttir verður kynnr á glæpakvöldi í Bíói Paradís sem haldið er sunnudaginn 26. janúar í tengslum við Franska kvikmyndahátíð sem stendur frá 24. janúar til 2. febrúar. Klukkan 18.00 verður sýnd myndin L'assassin habite au 21 og klukkan 20.00 Les Diaboliques, báðar í leikstjórn Henri-Georges Clouzot.

„Ég ætla að tala almennt um glæpasögur í bókum og kvikmyndum,“ segir Yrsa. „Þetta verður enginn mammút fyrirlestur enda fólk komið til að sjá þessar frábæru, klassísku, frönsku myndir. Það er um að gera að grípa tækifærið, það er sjaldan boðið upp á kvikmyndir með ámóta efnistök. Þróunin hefur verið sú að glæpasögur hafa frekar orðið að vel heppnuðum sjónvarpsseríum en kvikmyndum. Það lukkaðist til dæmis ekki vel að gera kvikmynd úr Snjókarli Jo Nesbo. Glæpasögur byggja oft á flókinni frásögn og í kvikmynd er yfirleitt ekki hægt að koma öllu að, það er mun auðveldara í sjónvarpsþáttum. En Henri-Georges kunni þetta. Verst að honum var ekki til að dreifa þegar Snjókarlinn varð að mynd.“

Ljóst er að það er mikil auglýsing fyrir höfund þegar bók eftir hann er kvikmynduð en það þýðir ekki endilega að sala á viðkomandi bók aukist, eins og Yrsa nefnir dæmi um. „Eftir að hin frábæra bók Quicksand eftir Malin Persson varð að seríu á Netflix hrundi salan á bókinni. Ég held að svona neikvæð áhrif á sölu á bók eigi frekar við um glæpasögur en fagurbókmenntir. Ef fólk sér mynd gerða eftir glæpasögu þá veit það um leið söguþráðinn og hvernig bókinn endar og finnst það ekki þurfa að lesa hana. En almennt séð þá henta smásögur betur fyrir kvikmyndir að mínu mati.“

Leikin í að finna morðingjann
Aðspurð segist Yrsa yfirleitt eiga auðvelt með að uppgötva þann seka í glæpamyndum nokkru áður en ljóstrað er upp um hann. „Þegar maður horfir á bandarískar glæpa-



Véra Clouzot og Simone Signoret í Les diaboliques.

ÞETTA VERÐUR ENGINN MAMMÚT FYRIRLESTUR ENDA FÓLK KOMIÐ TIL AÐ SJÁ ÞESSAR FRÁBÆRU, KLASSÍSKU, FRÖNSKU MYNDIR.

myndir veit maður að hver einasta mínúta kostar formúu og um leið skiptir allt sem gerist máli. Ef maður er glæpasagnakenndur þá áttar maður sig yfirleitt fljótlega á fléttunni. Ég er fremur leikin í að finna morðingjann, sem eyðileggur dálitið fyrir mér ánægjuna. Svo hef ég verið að horfa á glæpamyndir frá Suður-Kóreu sem eru miklu lengri en þær bandarísku, jafnvel þrír tímar, og þá eru karakterarnir að fá sér snafs og núðlur sem enginn tilgangur er í og það ruglar mig í ríminu.“

Yrsa segist vera mikill kvikmyndaunnandi, en kvikmynd var gerð eftir sögu hennar Ég man þig. „Mér fannst hún heppnast vel, það var sönn ánægja að horfa á hana.“ Líklegt er að mynd verði síðan gerð eftir glæpasögu hennar Kulda.

Um kvikmyndasmekk sinn segir hún: „Ég hef fjölbreyttari smekk núna þegar ég er eldri og hef gaman af að sjá myndir frá öllum heimshornum.“ Hún segist vera Hitchcock-aðdáandi en Les Diaboliques, sem er mögnuð kvikmynd, hefur einmitt verið líkt við Hitchcock-kvikmynd.

Spurð um upphaldskvikmyndir segir Yrsa: „Mér fannst Seven alveg frábær og The Sixth Sense er snilld.

Af myndum frá Suður-Kóreu finnst mér Oldboy alveg meiri háttar. Svo get ég ekki beðið eftir að sjá Parasite. Það er fáránlegt að eiga upphaldsleikara sem maður veit ekki hvað heitir en sá sem leikur föðurinn í fátæku fjölskyldunni er upphaldsleikarinn minn í kvikmynda-sögunni.“

Tvær bækur í ár
Yrsa er spurð hvort hún geri mikið af því að koma fram á fundum eða viðburðum eins og þessum. „Ef ég er beðin um eitthvað reyni ég að taka vel í það,“ segir hún. „Þegar ég byrjaði að skrifa var mikið talað um að konur vildu ekki koma í viðtöl. Ég ákvað strax að ég skyldi ekki verða þannig kona. Ég kem ef ég tel mig hafa eitthvað fram að færa og hef fyrir vikið stundum komið mér í aðstæður sem ég hefði betur sleppt.“ Hún er mikið á ferðalögum erlendis við að kynna bækur sínar og er því ekki lengur í fullu starfi sem verkfræðingur heldur í hlutastarfi. Hún stefnir að því að skrifa tvær bækur í ár, barnabók og glæpasögu. „Ég er hálfnuð með barnabókina. Ég fékk hugmynd sem ég held að sé mjög skemmtileg, það er allavega gaman að skrifa bókina,“ segir hún.

Síðasta bók hennar, Þögn, var ein af metsölubókum síðasta árs. Söguhetjurnar þar voru Huldar og Freyja, sem hún segist nú hafa sagt skilið við. „Þögn var síðasta bókinn um þau. Ég ákvað að hætta áður en ég fengi leiða á þeim. Næsta glæpasaga verður sjálfstæð saga. Líklega með hryllingsvafi.“

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

24. JANÚAR 2020

Hvað? Myndlist og matur
Hvenær? 17.00
Hvar? Norræna húsið
Sýningin Land handan hafsins opnuð og sveit listamanna framkvæmir Viena Motors, anarkískan blómagjörning. Einnig kynntur nýr vistvænn veitingastaður, MATR, sem verður opnaður í febrúar.

Leikhús

Hvað? Leiksýningin Dansandi ljóð
Hvenær? 20.00
Hvar? Þjóðleikhúskjallarin.
Leikritið byggist á ljóðum Gerðar Kristnýjar, dansi og tónlist Fabúlu.

Tónlist

Hvað? Ný tónlist með spunaivafi
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu 2.
Gítarleikarinn Hróðmar Sigurðsson spilar ásamt Magnúsi Trygvassyni Eliassen, Tuma Arnasyni, Ingibjörgu Elsu Turchi, Elvari Braga Kristjónssyni og Kristofer



Helga Jónsdóttir er ein þeirra sem taka þátt í dagskránni Dansandi ljóð í Þjóðleikhúskjallaranum.

Rodriguez Svónusyni. Miðaverð er 2.000 kr.

Hvað? Tinna spjallar
Hvenær? 20.00
Hvar? Lífspekifélagið, Ingólfsstræti 22
Tinna Gunnlaugsdóttir flytur spjall er hún kallar Með Herðisi í duftinu til Indlands. Opíð öllum áhugasömum.

Hvað? Ljósvalki // Æther 1.0.1.
Hvenær? 17.00
Hvar? BERG Contemporary, Klapparstíg 16
Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Selma Hreggviðsdóttir opna sýningu og varpa ljósi á forvitnilega sögu séríslensks náttúrufyrirbæris sem kann að vera á huldu hjá mörgum.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ~ Litil orka
- ~ Þróttleysi
- ~ Veik bein
- ~ Hormóna ójafnvægi
- ~ Svefntruflanir
- ~ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ~ Kölkun líffæra
- ~ Óreglulegur hjartsláttur
- ~ Kvíði
- ~ Streita
- ~ Þíringur



www.mammaveitbest.is

Góð ráð í Strætó:

Leyfilegt um borð



BÍLAMERKINGAR



Vel merktur bíll er ódýrasta auglýsingin



Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

K371 sófi

Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Ópið virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!



Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stórelðhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.



M18 FLAG

Alvöru slípirokkur frá Milwaukee

Fyrsti stóri slípirokkurinn knúinn af einni rafhlöðu sem skilar afli til þess að slípa, er léttari en snúrurokkur í sinni stærð.

Sveigjanlegt rafhlöðukerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

Verð 136.900 kr. (með rafhlöðu)

VERKFÆRA
SALANDAGSKRÁ
Föstudagur

HRINGBRAUT

20.00 Eldhugar: Seria 3 Í Eldhugum fara Snædís Snorradóttir og viðmælendur hennar út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
20.30 Fasteignir og heimili Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 Stóru málin Hress og skemmtilegur þjóðmálaþáttur þar sem stóru málin eru tekin fyrir.
21.30 Saga og samfélag Saga og samfélag er nýr þáttur þar sem málefni liðandi stundar eru rædd í sögulegu samhengi og víkið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Gettu betur 1992
14.20 Enn ein stöðin
14.40 Hundalíf
14.50 Siglufjörður - saga bæjar
15.45 Siglufjörður - saga bæjar
16.40 Tákn málsfréttir
16.50 EM í handbolta
18.40 Krakkafréttir vikunnar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Gettu betur - Stjórnustrið

Spurningaþáttur þar sem gamlir keppendur, spyrjar, spurninga-höfundar og stigaverðir úr Gettu betur koma saman og etja kappi í tilefni þess að í ár eru 35 ár liðin frá því að spurningakeppni framhaldsskólanna hóf göngu sína. Dómarar: Vilhelm Anton Jónsson og Ingileif Friðriksdóttir. Spyrill: Kristjana Arnarsdóttir. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir.

21.05 Vikan með Gísla Marteini Gísl Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna.

21.50 Martin lækni Breskir gamanþættir um lækinn Martin Ellingham sem er fær lækni en með afbrigðum klaufalegur í mannlegum samskiptum.

22.40 Vera – Myrkraengill Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglukonu í Norð-ymbralandi. Vera rannsakar andlát ungs manns eftir að lík hans finnst í á en það reynist henni þrautin þyngri að bera kennsl á fórnarlambið. Með aðalhlutverk fara Brenda Blethyn og David Leon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

00.10 Eyðimerkurdansari Kvikmynd byggð á sögu íranska dansarans Afshins Ghaffarians sem hætti lífi sínu og stofnaði leynilegan danshóp í Íran þegar stjórnvöld í landinu höfðu lagt bann við dansi. Leikstjóri: Richard Raymond. Aðalhlutverk: Reece Ritchie, Freida Pinto og Tom Cullen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
01.50 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.30 Omega Dubai Desert Classic
12.30 PGA Tour 2020
16.30 Gainbridge LPGA at Boca Rio
19.05 PGA Highlights 2020
20.00 PGA Tour 2020

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.39 The Late Late Show
09.19 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.23 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.46 Family Guy
14.08 Top Gear
15.00 Top Gear: Extra Gear
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.30 Will and Grace
19.55 Song One
21.20 The Bachelor
22.45 The Bay
23.30 The Late Late Show
00.15 Pioneer
02.05 Mayans M.C.
03.05 Kidding
03.30 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunhugleiðsla
10.00 Fréttir
10.13 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Glans
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan: Hjartastaður
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Office Space
13.30 The Swan Princess: A Royal Myztery
14.50 The Hurricane Heist
16.30 Office Space
18.00 The Swan Princess: A Royal Myztery
19.20 The Hurricane Heist
21.00 The Lord of the Rings: The Return of the King
00.15 Tanner Hall
01.50 Una

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.20 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Famous In love
10.10 Lego Master
11.00 Jamie's Quick and Easy Food
11.25 Lóa Pind: Viltu í alvöru deyja?
12.10 Fósturbörn
12.35 Nágrannar
13.00 20th Century Woman
14.55 There's Something About Mary
16.55 Friends
17.20 Friends
17.41 Bold and the Beautiful
18.01 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.51 Sportpakkin
18.55 Ísland í dag
19.10 Allir geta dansað
20.45 The Trip to Spain Stórskemmtileg mynd frá 2017 með Steve Coogan og Rob Brydon. Myndin, sem segja má að sé að hálfu leyti skálduð og að hálfu leyti sönn saga, segir frá ferðalagi félaganna Robs og Steves til Spánar þar sem þeir borða góðan mat, gista á góðum hótelum og koma við á stöðum sem tengjast menningu og listum Spánar í gegnum aldirnar. Og þér er boðið með!
22.30 Miss Bala Hörkuspennandi mynd frá upphafi til enda sem er lauslega byggð á sönnunum en alveg ótrúlegum atburðum. Föðunar-meistarinn Gloria er bandarísk kona sem er í heimsókn hjá vin-konu sinni í Mexíkó þegar henni er rænt af þarlandum eiturfylfa- og smyglingring, Las Estrellas, og neydd til að vinna fyrir þá.
00.15 The Hate U Give
02.25 The Nun

STÖÐ 3

19.10 Fresh Off The Boat
19.35 Schitt's Creek
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 The Simpsons
21.15 American Dad
21.40 Crashing
22.10 Jett
23.10 Fresh Off The Boat
23.35 Schitt's Creek
00.00 Friends
00.25 Seinfeld
00.50 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.45 San Francisco 49ers - Green Bay Packers
10.05 Real Madrid - Sevilla
11.45 Barcelona - Granada
13.25 Spænsku mörkin 2019/2020
13.55 Liverpool - Everton
15.40 Þór Þ. - KR
17.20 La Liga Report 2019/2020
17.50 FA Cup - Preview Show 2020
18.20 ÍR - Þór Ak.
20.10 Keflavík - Stjarnan
22.10 Dominos Körfuboltakvöld karla
23.40 Umræða um 17. umferð kvenna
00.00 Brescia - AC Milan

STÖÐ 2 SPORT 2

19.55 QPR - Sheffield Wednesday Bein útsending frá leik QPR og Sheffield Wednesday í FA Cup.

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

blómaval

Pantaðu blómvöndinn
í vefverslun Blómavals
og kort fylgir frítt með
blomaval.is

Magnús Magnússon

blómaval

BÓNDA DAGUR

2 fyrir 1 í bíó fylgir öllum afskornum blómum
í Blómavali Skútuvogi, Grafarholti og Akureyri
í dag meðan birgðir endast

2 fyrir 1 í bíó
fylgir öllum blómvöndum

Túlípanar
10 stk

1.490kr
~~1.990kr~~

10
STK.



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.




Pottaplöntu útsala

Blómavals er í fullum gangi
20-50% afsláttur

Friðarlilja
1.490kr
~~2.290kr~~
10,5 cm pottur.
11328320

Flamingóblóm
1.790kr
~~2.990kr~~
Lítið.
11328592

1.990kr
~~3.290kr~~
Stórt.
11400140



Gúmmífíkus
990kr
~~1.990kr~~
13 cm pottur.
11328583, 11623706

50%
AFSLÁTTUR

Orkideu veisla

Í Skútuvogi

30%
AFSLÁTTUR

Margar
tegundir

Orkidea
1.880kr
~~2.690kr~~
12 cm pottur.
11325000



Gömul dagblöð loga í netheimum

Breytingar á stafræna prentmiðlasafninu Tímarit.is leggjast illa í netgrúskara og fortíðarfíkna hemúla ef marka má umræður á Facebook. Hjá Landsbókasafninu var brugðist við um leið og elds varð vart í netheimum.



Breytingarnar á tímarit.is vefjast fyrir Illuga og fleirum.

Nýlegar breytingar á vefnum Tímarit.is virðast hafa komið illa við nokkurn fjölda fólks sem hefur vanist á að nota stafrænt prentmiðlasafn Landsbókasafnsins í starfi, leik og námi.

Uppnámið í alþýðufræðasamfélaginu kristallast í löngum athugasemdahala við spurningar, aðfinnslur og vangaveltur sem Illugi Jökulsson, rithöfundur og sagnfræðigrúskari, beindi til „þeirra sem nota Tímarit.is að staðaldri“ á Facebook.

„Það er svolítið leiðinlegt og hljómar eins og vanþakklæti að gagnrýna Tímarit.is eitthvað,“ segir Illugi í samtali við Fréttablaðið sem er ekki með alveg jafn frjálsar hendur og áður þótt breytingarnar bindi þær ekki alveg. „Vegna þess að þetta er svo frábært fyrirbæri og hefur gjörbylt öllum rannsóknnum á fortíðinni síðustu 150-200 árin, en það má alltaf gera betur.“

Örn Hrafnkelsson, sviðsstjóri varðveislu og stafrænnar endurgerðar hjá Landsbókasafninu, segir að breytingarnar á vefnum hefði mátt kynna betur og úr því verði bætt.

„Við höldum innanhússfund strax og við sáum að netheimar loguðu og að við þyrftum að bregðast við þessu. Við erum að búa til leiðbeiningar sem verða settar inn

á síðuna bæði á íslensku og ensku enda verðum við að róa netheima.

Sex milljóna skjala bunki

Örn segir vefinn þó í raun virka nánast alveg eins og áður og að breytingarnar séu ekki aðeins breytinganna vegna. „Virknin á að vera sú sama og á gömlu síðunni en þegar þetta eru orðnar sex milljónir skjala sem liggja að baki þá þarf stundum að hressa upp á vélina svo hún nái að keyra þetta.

Fólki bregður bara og svo er þetta oft óþolinmæði en það kom alls ekki skýrt fram að maður á að ýta á PDF-skjalið til þess að kópera text-

ann,“ segir Örn og nefnir dæmi um algengt umkvörtunarefni. „En við ætlum að útskýra þetta allt saman.“

Örn lagði einnig orð í belg á Facebook-síðu Illuga þar sem hann hvatti fólk til þess að koma athugasemdum á framfæri og ljóst að hann þarf ekki að kvarta yfir áhugaleysi.

„Fólk hefur hringt og við höfum fengið tölvupósta og við höfum svarað þeim og tekið símtölin líka.“ Örn segir símtalið oft duga og viðkomandi kveðji sáttir þegar búið er að beina þeim í réttar áttir. Hins vegar gangi vitaskuld ekki að svara hverjum og einum persónulega.

„Við erum búin að greina allar efnislegar athugasemdir en vefurinn er heilmikið notaður og fólki brá bara. Þetta er eins og þegar stóru fréttavefirnir skipta allt í einu um útlit.“ toti@frettabladid.is



Örn Hrafnkelsson hlustar á ráðvillta netgrúskarana.

Illugi Jökulsson Til þeirra sem nota Tímarit.is að staðaldri: Mér finnst breytingarnar á þessari góðu síðu ekki allar til bóta. Ég var að vona að meðfædd iðaldsemi mín réði þar mestu og ég myndi venjast breytingunum og læra á þær. En það er ýmislegt sem ég á erfitt með. Í fyrsta lagi af hverju maður þarf að fara í pdf til að geta leitað að orðum á hverri síðu. Ég sé enga ástæðu til að það ætti að þurfa. Það tekur tíma og svo vilja þessi pdf safnast fyrir ef maður hendir þeim ekki jafnóðum. Og af hverju er ekki lengur hægt að fara á tiltekna blaðsíðu í tilteknu tölu-blaði? Nú þarf að skrolla gegnum allt blaðið sem er stundum afar tímafrekt, sér í lagi af því vélin er stundum undarlega svifasein. Það er líka furðulega flókið núna að fara inn á tiltekinn árgang. Eða á ég bara eftir að læra betur á þetta? Ég ætla allt að skrifa Landsbókasafninu og benda á þessar athugasemdir mínar og það væri gott að fá ábendingar um eitthvað fleira aðfinnsluvert, sem fólk kann að hafa fundið fyrir eftir breytingar. Endilega skjótið að skoðun ykkar í athugasemdum hér að neðan, svo umsjónarmenn síðunnar fái skoðanir sem flestra. Hnippið í þá sem þið vitið að nota Tímarit.is mikið!

Örn Hrafnkelsson Sæl öll – Fyrir hönd þeirra sem vinna við vefinn tímarit.is á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni langar mig að koma eftirfarandi á framfæri. Nú er hópur innar safnsins að fara yfir þær athugasemdir sem hafa komið fram á nokkrum spjalldræðum. Unnið er að gerð

leiðbeininga sem verða aðgengi- legar á síðunni. Gott að sjá að notendur er umhugað um vefinn tímarit.is.

Eiríkur Rögnvaldsson Ég er svo sem ekki búinn að nota þetta nýja viðmót mikið. Helsti gallinn á því finnst mér vera að það er ekki hægt að sjá hvar á síðunni dæmin sem leitarvélin finnur eru, en mér skilst að það standi til bóta. Mér finnst miklu þægilegra að fletta gegnum heilu blöðin núna. Þótt ekki sé hægt að fara beint á tiltekna síðu (svo að ég sjái) er samt ekki nauðsynlegt að fletta gegnum allt blaðið – það er hægt að nota sleðann neðst á skjánum og það finnst mér vera mjög fljótlegt.

Gunnar Smári Egilsson Segi það sama, leit er miklu tafsamari. Það sem er betra vegur það ekki upp.

Stefán Pálsson Það er dálítið hvítleitt þegar maður fer í gegnum heilu árgangana að fletta milli blaðsíðna með því að smella á einn hnapp en þegar komið er á síðustu blaðsíðu þarf að smella á annan hnapp annars staðar til að fá forsiðu næsta tölublaðs. Það er órókrétt en trufar svo sem ekki verulega.

Regína Stefnsdóttir Breytingar breytinga vegna ekki til batnaðar. Fer ekki lengur inn á Íslendingabók. Hún var gleðibrunnur. Núna eins og herptur handavinnupoki.

Bernhard Svavarsson Tímarit.is er flott framtak en þessa stundina



lit ég svo að vefurinn liggji niðri vegna viðgerða.

Einar Steingrímsson Þetta er einfaldlega óskaplega illa gert viðmót. Það er ekki eins og hér sé um að ræða flókna hluti að setja upp, auk þess sem svona lagað hefur verið gert milljón sinnum út um allt net. Einfaldlega undirmáls- vinna.

Lana Kolbrún Eddudóttir Það bráðvantar stikuna vinstra megin þar sem hægt var að fletta í árgöngum og blaðsíðum og öllu mögulegu. Svo lenti ég einmitt í því að allir linkarnir mínir eyðilögðust – og það var ferlegt högg í miðjum ritgerðarskrifum.

Edda Hrafnisdóttir Mér finnst leitarvélin alveg ómöguleg, ég á gamla úrklippu úr blaði með fyrir- sögninni: “Ó blessuð berjatið!” Mig langaði til að endurnýja þessa úrklippu enda orðin snjald, en þó ég skrifi þessa fyrirsögn alla orðrétt inn í leitarreitinn, kemur allt annað blessað og allar aðrar berjatiðir upp en ekki þessi sem ég leita að.

Felix Bergsson sammála! ekki ánægður með nýja lúkkið. svo er allt svo lítið og erfitt að lesa nema fara í súmm og vesen (já ég veit þetta hljómar afskaplega miðaldra)

Þórarinn Eldjárn Einnig sammála. Það ekki af því að ég sé miðaldra, það er ég ekki, heldur gamall. Ætti þess vegna að vita þetta mun betur en yngri menn.

Lára Magnúsardóttir Ég tek undir þetta með súmmið. Það er skrytið að venjuleg tæki, þ.e. ctr + skroll sé ónothæft til að stækka og minnka. Þar að auki þýðir þetta að maður hefur ekki fulla stjórn á stærð textans, sem er afar viðkvæmt hjá fólki með skrytna sjón.

Mörður Árnason Eru einhver- staðar leiðbeiningar um nýja viðmótið? Þetta tekur miklu meiri tíma hjá mér núna -- og ég nota T.is mikið ...

Þórdís Hrefna Ólafsdóttir ... breytingar eru óþolandi ... jafn- nauðsynlegar og þær eru nú!!!

Nanna Rögnvaldardóttir Ég er nú búin að venjast flestu af því sem pirraði mig fyrst, eða það er búið að laga það. En mér finnst þetta samt seinlegra, maður þarf fleri smelli til að finna niðurstöður eða skoða nánar.

Illugi Jökulsson Já, það er furðu- legt að betrumbætur á kerfinu skuli gera það seinlegra.

Axel Jón Fjeldsted Ég finn fyrir þessi sama. Það er erfitt að vinna alltaf með PDF skjöl því þau eru ekki gagnvirk í leit í texta eins og áður. Ég rek mg itrekað á það að týna í blaðinu blaðsíðunni og textanum því það er ekki hægt að velja eina staka síðu í blaðinu heldur opnur að því er virðist. Allt er svifaseinna en áður.



ER I FULLUM GANGI!

SPARAÐU 60.000



20%




KARETTA HÆGINDASTÓLL
með gráu áklæði og grind úr reyklitaðri eik.
Áður 99.900 kr. **NÚ 64.900 kr.**



LUXOR HÆGINDASTÓLL + SKEMILL
Leðuráklæði Áður 199.900 kr. **NÚ 159.900 kr.**



BREST SÓFABORD Gegnheill álmur, málmgrind.
L 150 x B 120 x H 42 cm. Áður 119.900 kr. Nú 89.925 kr.



2.395
SPARAĐU 5.600


CHARME VÍNGLÖS
Kampavínglós, rauðvínglós og hvítvínglós. 18 stk.
Áður 7.995 kr. **NÚ 2.395 kr**



SARO BORDSTOFUSTÓLL
rauður. Áður 8.900 kr. Nú 5.900 kr.



SIGURD SESSA Ýmsir litir. Ø42,5 x H 35 cm.
Áður 12.995 kr. **NÚ 9.995 kr**



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

Bríet úthýsir neikvæðninni á nýju ári

Bríet kemur fram á tónleikaröðinni Reikistjörnur nú um helgina. Hún fer fram í Hörpu og er fyrir alla fjölskylduna. Þegar söngkonan var yngri dreymdi hana um að verða Lína Langsokkur eða nuddari.

Reikistjörnur er tónleikaröð í Hörpu ætluð fjölskyldum sem hefst um helgina. Fyrsti listamaðurinn sem kemur fram er tónlistarkonan Bríet Ísis Elfar. Hún segist hafa alveg sérstaklega gaman af því að koma fram fyrir börn.

„Börn eru með galopin eyru og undrandi augu. Svo dansa þau frekar en fullorðnir. Ég elska að spila fyrir börn því þá liður mér eins og algjörri rokkstjörnu. Það er klárlega meira krefjandi að spila fyrir fullorðið fólk því mín tilfinning er stundum sú að það þurfi að vera drukkidi til þess að dansa og lifa sig inn í tónlistina. Síðan eru þau feimnari við að svara spurningum frá mér en börnin, því þau eru svo einlæg,“ segir Bríet.

Góð í puttastríði
Hún segist hafa verið ung þegar hún áttaði sig á því að hana langaði að verða söngkona þegar hún yrði stór.

„Ég held að það sé draumur allra að verða einhvers konar stjarna. Ég bjóst svo sem aldrei við því að komast þetta langt og fá að sinna áhugamálinu mínu eins og ég geri í dag. En þetta er algjör draumur,“ segir Bríet.

Bríet hlær þegar hún rifjar upp að hún stefndi einnig um tíma á að verða nuddari.

„Samt aðallega út af því að ég nuddaði strák sem ég var hrifin af og hann sagði að ég ætti að verða nuddari. Mig langaði líka að verða fimleikastjarna, leikkona og söngkona. En fyrirmyndin mín var alltaf Lína Langsokkur, en var hún ekki fyrirmynd svo margra? Svo var ég og er líka rosalega góð í Einn, tveir, þrír puttastríð en ég veit ekki alveg hvort ég hefði getað gert það að atvinnu,“ segir Bríet.

Reikistjörnur
Reikistjörnur er ný tónleikaröð fyrir alla fjölskylduna og fer fram í Kaldalóni á laugardögum í vetur. Dagskráin er glæsileg og margt af vinsælasta tónlistarfólki landsins kemur fram. Hér gefst fjölskyldum tækifæri til að sækja tónleika saman um helgar. Nú um helgina verður einnig í gangi visindasmiðja og því fá gestir tækifæri til að skoða hvern krók og kima Hörpu undir leiðsögn.

Væri að vinna á bókasafni
En ef hún væri ekki söngkona í dag, hvað væri Bríet þá að gera?

„Ætli ég væri ekki bara að vinna á bókasafni? Mér finnst samt svo ótrúlega skemmtilegt að hugsa til þess að ástæðan fyrir því að ég er á þeim stað sem ég er í dag, er einfaldlega út af því að ég sagði já. Ég greip tækifærið. Ég held að ég væri að gera eitthvað annað afskaplega skemmtilegt, því að lífið getur tekið mann á svo ótal marga mismunandi en góða staði,“ segir Bríet.

Bríet vinnur nú hörðum höndum að því að gefa út meiri tónlist.

„Ég er á fullu í stúdíóinu að taka upp. Svo er einnig von á tónlistarmyndbandi sem fyrir mér er mikið fagnaðarefni. Annars hef ég mjög góða tilfinningu fyrir þessu ári. Áramótaheitið mitt er að gefa meira út og úthýsa allri neikvæðni í lífi mínu.“

Bon Iver og Björk
Bríet heldur upp á marga íslenska tónlistarmenn

„Já, ég held mikið upp á Axel Flóvent, Gabriel Ólafsson, Júníus Meyvant, Valdimar, Röggva Gísla



Bríet kemur fram um helgina á nýrri tónleikaröð fyrir alla fjölskylduna í Hörpu. MYND/SARA BJÖRK ÞORSTEINSDÓTTIR

og í raun svo ótrúlega marga. En þau hafa áhrif á mann þegar maður fylgist með þeim koma fram, þau hafa ákveðna töfra sem ekki allir búa yfir.“

Spurð hverjum hún myndi helst vilja vinna með, stendur ekki á svari.

„Bon Iver, það væri svo ótrúlega sturlað og gaman. Annars væri líka mikill heiður að fá að vinna með Björk, hún er drottning okkar Íslendinga að minnu mati,“ segir Bríet.

SVO VAR ÉG LÍKA ROSALEGA GÓÐ Í EINN, TVEIR, ÞRÍR PUTTASTRÍÐ EN ÉG VEIT EKKI ALVEG HVORT ÉG HEFÐI GETAÐ GERT ÞAÐ AÐ ATVINNU.

Þó að tónlistin eigi hug hennar allan um þessar mundir, svona í það minnsta meðan unnið er að nýrri plötu, á Bríet ýmis önnur áhugamál.

„Ég elska að mála og keyra út úr bænum með mömmu minni og spjalla við hana. Svo finnst mér mjög gaman að fara í leikhús og ferðast. Ég elska að skapa og upplifa nýja hluti. Það er svolítið það sem lífið snýst um, ekki satt?,“ segir Bríet. steingerdur@frettabladid.is

ÚTSALA!

Allt að

60%

Afsláttur

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

BAKÞANKAR

Árna Helgasonar



Norðmenn

Rothögg handboltalandsliðs-
ins gegn Norðmönnum var
umhugsunarefni. Leikurinn
endaði með þriggja marka tapi,
en samt unnum við síðustu 50
mínútur leiksins með fjögurra
marka mun.

Byrjunin sló okkur út aflaginu.
Norðmenn nýttu sér þar ákveðinn
menningarmun á þjóðunum.
Önnur þjóðin samanstendur af vel
úthvildum A-týpum en hin er upp
til hópa vertíðarfólk með síþreytu.

Norðmenn eru allt sem við erum
ekki. Þeir smyrja nesti og mæta
snemma með kaffi í brúsa. Latasti
maðurinn í Noregi vaknar um sjö-
leytið á morgnana við háðsglósur
annarra Norðmanna fyrir að sofa
svona lengi. Þeir hafa þá verið á
fötum í allavega þrjá tíma, farið á
gönguskiðum í vinnuna og rætt
hvenær skila eigi skattframtalinu.
Öllum verkefnum er tekið af gagn-
rýnislausri jákvæðni sem er okkur
afskaplega frامandi. Þeir vinna
jafnt og þétt, taka hæfilega mikið
að sér og ætla sér aldrei um of.

Þessu er fullkomlega ófugt farið
hjá okkur. Um svipað leyti og
latasti Norðmaðurinn drífur sig
fram úr eru Íslendingar almennt
að snúsa auka kortér og undirbúa
sig andlega fyrir að moka bílinn út
úr gulri veðurviðvörðun. Við erum
kulnuð með kolvitlausa klukku,
svefnvana eftir að hafa fundað
um fjárhagsvandræði blakdeildar
íþróttafélagsins langt fram yfir
miðnætti kvöldið áður. Við erum
lengi af stað og þögul sem gröfin
þar til allavega tveir kaffibollar eru
komnir niður. En þá hrekkur vélin
í gang og afkastar langt umfram
það sem eðlilegt er enda erum við
drekkhlaðin verkefnum, tökum
alltof mikið að okkur og klárum
svo allar orkubirgðir. Endurtökum
svo leikinn næsta dag.

Norskt jafnvægi hlýtur að vera
lykillinn að næsta ævintýri hand-
boltalandsliðsins.

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



ÚTSALA

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

VÁ VERÐ

LAYS
175 G
249
KR/STK
1423 KR/KG




Kvikk
ON THE GO

ORKAN

DÝNVÖRUR Í
MIKLU ÚRVALI





UNDRI
HEILSUINNISKÖR

Serta
POKAGORMAKERFI



SERTA REEDSWORTH

Frábær dýna frá Serta sem unnin er í samvinnu við American Sleep Foundation. Nú með 40% afslætti. Hentar bæði í hefðbundna botna og stillanlega.

80 x 200 cm
65.400 kr
Fullt verð: 109.000 kr.

90 x 200 cm
71.400 kr
Fullt verð: 119.000 kr.

40%
AFSLÁTTUR



SÆNGURFÖT
MIKID ÚRVAL





SLOPPAR FYRIR
HANN & HANA

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK